


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jaðarsport








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

30. júní 2010 — 151. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Býr til bók um konur

*Berglind Björnsdóttir fékk styrk úr minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar.*

**tímamót 20**

## Skrítla rænd

*Skorar á þjófa að skila barnamyndum.*

**fólk 34**



## Villa skorar enn

*David Villa kom Spáni í 8-liða úrslitin á HM í gær.*

**sport 30 og 31**

## veðrið í dag




**VAXANDI AUSTANÁTT** og rigning S-til síðdegis, annars víða 5-10 m/s, skýjað og þurrt. Hiti 8-16 stig, hlýjast V-til.

**VEÐUR 4**

# Milliliðalaus ættleiðing til skoðunar

**Ráðuneyti skoðar hvort leyfa eigi ættleiðingu barna án aðkomu félaga. Gæti fjölgað ættleiðingum á Íslandi til muna úr þrettán í fjörutíu til fimmtíu á ári.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ragna Árnadóttir, dóms- og mannréttindaráðherra, hefur óskað eftir skýrslu þar sem skoðað verður hvort leyfa eigi ættleiðingar frá útlöndum án aðkomu ættleiðingarfélaga. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í október.

„Ef til eru leiðir að gera þetta án þess að skerða réttindi barna, foreldranna sem gefa þau frá sér og foreldranna sem ættleiða, þá tel ég þetta geta orðið til góðs,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, sem sjálf hefur reynslu af því að ættleiða barn. „Ég treysti dómsmálaráðherra og ráðuneytinu mjög vel til að meta það.“

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að ef leyft væri að ættleiða á eigin vegum á Íslandi yrðu 40 til 50 börn ættleidd hingað á ári en undanfarin fjögur ár hafi þau að jafnaði verið þrettán. „Sum ríki vilja ekki skipta við félög,“ segir Hörður.

Ólöf Ýrr segir ekki sjálfgefið að fela eigi ættleiðingarfélögum stjórnvald í þessum málum, þótt áfram verði að sjá fyrir þeirri þjónustu sem þau hafa veitt.

„Sjálf fór ég þá leið að leita til ættleiðingarfélags og mér þótti það mjög dýrmætt,“ segir Ólöf Ýrr. „Þetta er tilfinningalega mjög erfitt og mér þótti gott að fá þennan stuðning. Hins vegar þekki ég til fólks sem hefur gert þetta upp á eigin spýtur, og þótt það sé líka mjög erfitt ferli þá er það um leið mjög þakklátt.“

**- gb /** **sjá síðu 4**

Áhugi á íslenskum völlum:

## Erlendir kylfingar flykkjast til Íslands

**GOLF „Á þessu ári hafa tæplega fimmtán nýjar erlendar ferðaskrifstofur sett íslenskt golf í sölu sem er um tvöföldun frá því í fyrra,“ segir Magnús Oddsson, stjórnarformaður Golf Iceland. „Erlendum kylfingum fjölgar í hlutfalli við það.“**

**Magnús segir framboð golfvalla nóg til að anna þessari auknu eftirspurn. „Erlendir kylfingar eru tilbúnir að spila á öðrum tíma en Íslendingarnir,“ útskýrir Magnús sem segir að framboð á golfvöllum utan höfuðborgarsvæðisins sé mun meira en eftirspurnin.**

**- mmf /** **sjá Allt**



**KRISTJÁN LOFTSSON** Stjórnarformaður Hvals hf. var ánægður með upphaf vertíðar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvalveiðivertíð hafin:

## Þrjú stórhveli komin á land

**HVALVEIÐAR** „Þetta er góð byrjun, þetta hefur farið vel af stað,“ sagði Kristján Loftsson, stjórnarformaður Hvals hf., kampakátur eftir að fyrsti hvalur vertíðarinnar, meðalstór langreyður, var dreginn á land í Hvalfirði síðdegis í gær.

Strax var hafist handa við að skera hvalinn í hvalveiðistöðinni. Annað hvalveiðiskip kom til lands síðar í gærkvöldi með tvær aðrar langreyðar. Allar voru þær skotnar suðvestur af landinu þrátt fyrir lélegt skyggni.

Leyfi hefur verið veitt til að veiða allt að 200 langreyðar á vertíðinni, sem nú er hafin og stendur fram á haust. „Þetta er um hundrað daga vertíð,“ segir Kristján.

Aðspurður segist hann ekki hafa neinar áhyggjur af sölu afurðanna. „Það hefur allt gengið ágætlega.“ **- gb**

Einn fluttur með þyrlu á spítala eftir vinnuslys í járnblendiverksmiðju:

## Alvarlega brenndur eftir slys

**SLYS** Einn maður er alvarlega slasaður eftir sprengingu í Járnblendiverksmiðjunni Elkem á Grundartanga í gærkvöldi. Maðurinn var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi. Samkvæmt vakthafandi lækni á gjörgæsludeildinni liggur maðurinn þar alvarlega slasaður og þungt haldinn.

Tilkynnt var um slysið um kvöldmatarleytið í gær og fékk þyrlan beiðni um hjálp um hálfátta leytið. Lent var með manninn í Fossvogi rétt fyrir klukkan níu, eftir að honum hafði verið veitt aðhlynning á slysstað.

Að sögn Einars Þorsteinssonar, forstjóra verksmiðjunnar, er ekki vitað nákvæmlega hvað olli slysinu eða hver atburðarásin var, annað en að einhvers konar bruni hafi orðið í ofnhúsi á annarri hæð, þar sem maðurinn var við vinnu. Bruninn var mikill en ekki er víst að um sprengingu hafi verið að ræða, að sögn Einars. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi sagði hann unnið að því að ná stjórn á aðstæðum og tryggja að ekki færi á enn verri veg. Ekki var hægt að komast inn í húsið sökum eldsins fyrr en seint í gærkvöldi. Þá var unnið í því að komast að orsökum slyssins. **- þeb**

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.






**SPURNING DAGSINS**



*„Ólafur, hefur einhvern tímann verið sussað á ykkur?“*

„Nei, það erum við sem sussum á aðra eins og nafnið gefur kynna.“

Ólafur Örn Nielsen er formaður SUS, Sambands ungra sjálfstæðismanna. SUS fagnar um þessar mundir 80 ára afmæli en Ólafur sagði í Fréttablaðinu í gær að skoðanir SUS og Sjálfstæðisflokksins hefðu ekki alltaf farið saman.

Lögmaður fyrrverandi forstjóra MP banka um ákæru á hendur honum:

# Sýndi ekki refsiverða háttsemi

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur Styrmi Þór Bragasyni, fyrrverandi forstjóra MP banka, er haldlaus, að sögn Ragnars H. Hall lögmanns hans. Styrmir er ákærður fyrir hlutdeild í meintum umboðssvikum Ragnars Zophoníasar Guðjónssonar, fyrrum sparisjóðsstjóra Byrs, og Jóns Þorsteins Jónssonar fyrrum stjórnarformanns sparisjóðsins.

Málið er það fyrsta frá embætti sérstaks saksóknara sem kemst á ákærustig. Það snýst um 1,1 milljarða lán Byrs til félagsins Exeter Holding eftir bankahrunið. Lánið er talið hafa valdið sparisjóðnum miklu fjárhagslegu tjóni. Peningarnir voru nýttir til að kaupa stofnfjárbréf í Byr af MP banka, Jóni Þorsteini og Birgi Ómari Haraldssyni, fyrrum stjórnarmanni í Byr.

Styrmir er sem fyrr segir ákærður fyrir hlutdeild í því máli. Ragnar segir háttsemi Styrmis hafa falist í því að selja stofnfjárbréf og taka við greiðslu fyrir hönd MP banka. Það sé ekki refsiverð háttsemi.

Önnur mál eru langt á veg komin hjá sérstökum saksóknara, en hann treystir sér ekki til að svara því hvenær fleiri rannsóknum ljúki. **- þeb**



**STYRMIR ÞÓR BRAGASON** Styrmir er ákærður fyrir hlutdeild sína í Byr-málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Álftanes skoðar sameiningu:

## Vilja viðræður við Garðabæ

**ÁLFTANES Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að biðja bæjarstjórn Garðabæjar um að hefja viðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna.**

**Bæjarstjórnin ákvað þetta á fundi sínum í gær. Í könnun sem var gerð meðal bæjarbúa í mars settu 44 prósent þeirra sameiningu við Garðabæ sem fyrsta kost en 34 prósent Reykjavík. Því var ákveðið að óska fyrst eftir viðræðum við Garðabæ, þrátt fyrir að borgarráð Reykjavíkur hafi lýst yfir áhuga á viðræðum.** **- þeb**

Könnun á verði matvæla:

## Verðlagið hefur nálgast Evrópu

**NEYTENDUR Verðlag matvæla á Íslandi vorið 2009 var einungis fjórum prósentum hærra en meðaltalsverð matvæla í 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins, í evrum reiknað.**

**Þetta kemur fram í niðurstöðu evrópskrar könnunar á verði matvæla, áfengis og tóbaks, sem birt hefur verið á vef Hagstofu Íslands.**

**Þetta er mikil breyting frá könnun sem gerð var árið 2006, þegar verðlag var 61 prósenti hærra hér en í Evrópusambandinu.**

**Breytingin stafar einkum af lækkun á gengi krónunnar.** **- gb**





**AÐSTANDENDUR HÖRPU** Frá vinstri: Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portus, Ólafur Elíasson, Osbjørn Jacobsen arkitekt og Peer T. Jeppesen arkitekt. FRÉTTABLAÐIÐ/ ARNÓR

Tónlistarhúsið Harpa:

## Húsið opnað 4. maí að ári

**MENNING** Harpa, nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík, verður opnuð eftir 308 daga, nánar tiltekið miðvikudaginn 4. maí 2011. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í tónleikasal hússins í gær.

Húsið verður opnað með sinfóníutónleikum undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Tíu dögum síðar, 14. maí, verður haldin viðamikil opnunardagskrá.

Húsið var hannað af dönsku arkitektastofunni Henning Larsen og Ólafi Elíassyni myndlistarmanni. Lýstu fulltrúar stofunnar og Ólafur yfir ánægju með hvernig til hefði tekist með húsið. Nánar verður rætt við Ólaf Elíasson í Fréttablaðinu á morgun. **- bs**

# Taldi hraunmolann uppsprettu ógæfu

**Breskur ferðamaður hefur skilað aftur hraunmola sem hann tók héðan í leyfisleysi. Taldi molann uppsprettu allrar sinnar ógæfu. Molanum hefur verið skilað aftur og var flogið með þyrlu á gosstöðvarnar. Gömul þjóðtrú er tengd steinum.**

**FÓLK** Breskur ferðamaður sem var hér á ferð skömmu fyrir efnahagshrun, er sannfærður um að hraunmoli sem hann hafði með sér af landi brott sé uppspretta allrar hans ógæfu. Eftir að hann kom heim með molann varð hann fyrir ýmsum skakkaföllum, bæði í einka- og opinbera lífinu, og tengdi það molanum.

Hann sá að við svo búið máti ekki standa og sendi molann til Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands og bað um að honum yrði komið á tilhlýðilegan stað.

„Honum var full alvara með þetta og hann var ekkert að grínast,“ segir Rikke Pedersen, sérfræðingur á stofnuninni. „Hann hafði verið í ferðalagi með fjölskyldu sinni hér og alls kyns slæmir hlutir hentu hann þegar hann kom heim. Hann var alveg viss um að það væri vegna steinsins sem hann hafði tekið í leyfisleysi. Hann var viss um að þetta myndi lagast ef hann sendi hann til Íslands.“



**KRISTINN SCHRAM**

Rikke fékk steininn ásamt bréfi með útskýringum, en hefur það því miður ekki lengur undir höndum. Hún gerði gangskör að því í gær að verða við bónum um steininn og kom honum á Iceland Tourist Assistance. Þar höfðu menn samband við Norðurflug og þaðan var flogið með hann á gosstöðvarnar í gær, en þar er að finna nýjasta hraunið hér á landi.



**MOLINN FRÆGI** Hraunmolinn, eða hrunmolinn, var tekinn skömmu fyrir efnahagshrun. Bretinn taldi hann uppsprettu ógæfu sinnar og honum hefur nú verið skilað til foldar á ný. Jón K. Björnsson hjá Norðurflugi sá til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Hann hafði verið í ferðalagi með fjölskyldu sinni hér og alls kyns slæmir hlutir hentu hann þegar hann kom heim.
>
> **RIKKE PEDERSEN**
> SÉRFRÆÐINGUR

„Það má tengja þetta þjóðtrú um steina,“ segir Kristinn H. Schram þjóðfræðingur. Hann segir Jón Árnason ræða um náttúrusteina í Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum. Bæði séu til heillasteinar og óheilla og samkvæmt Jóni þurfi mikla kunnáttu og þekkingu til að nýta sér þá. Best er að tína þá á Jónsmessu.

„Á hinn bóginn má setja þetta í samhengi við trú á álagabletti. Það hefur verið gömul þjóðtrú að allt þess konar væri í eign einhverrar vættar eða álfa sem legðu reiði sína á bóndann ef hann nytjaði blettina. Það væri honum hins vegar til hagsbóta ef hann gerði það ekki.“

Kristinn segir þetta tengjast náttúrufriðun sem komin sé inn í ferðaþjónustuna. „Þetta eru náttúrulega ekki nákvæm vísindi, en maður sér í þessari þjóðtrú með hvaða hætti hún er tengd náttúrufriðun, bændum og búaliði til hagsbóta. Í þessu tilfelli er þetta kannski komið yfir í ferðamennskuna þar sem svona frásagnir göfga landið.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



NORDICPHOTOS/AFP

**ÁTÖK Í AÞENU** Fimmta allsherjarverkfallið hófst í Grikklandi í gær til að mótmæla aðhaldsaðgerðum.

Grikkir mótmæla sparnaði:

## Hópur réðst á lögreglumenn

**GRIKKLAND, AP** Tugir grímuklæddra ungmenna lentu í átökum við lögreglu í gær í Aþenu, höfuðborg Grikklands, á mótmælafundi sem verkalýðsfélög efndu til í tengslum við allsherjarverkfall gegn aðhaldsaðgerðum stjórnvalda.

Óeirðalögregla beitti táragasi og hvellsprengjum til að dreifa hópnum sem hafði kastað grjóti, brotið rúður og kveikt í ruslatunnum. Sumir réðust með bareflum að lögreglumönnum.

Sjö lögreglumenn særðust í átökunum, en þrettán mótmælendur voru handteknir. **- gb**

Brotthvarf hersins gæti tafist:

## Petraeus segist ekki bjartsýnn

**BANDARÍKIN, AP David Petraeus herforingi, sem tók við af hinum brottrekna Stanley McChrystal sem yfirmaður fjölþjóðaliðs NATO í Afganistan, segist ætla að meta það undir árslok hvort hann mæli með því að brotthvarf Bandaríkjahers frá Afganistan verði teygt á langinn.**

**Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur boðað að brotthvarf hefjist um mitt næsta ár, en hversu hratt það verður fari eftir aðstæðum.**

**„Mér sýnist að harðir bardagar muni halda áfram. Þeir gætu orðið enn ákafari næstu mánuðina,“ segir Petraeus.** **- gb**





Fjöldi fólks settist niður í Iðnó í gær í tilefni af átakinu Til fyrirmyndar:

# Margir eiga von á þakkarbréfi

**FÓLK** Hvatningarátakið Til fyrirmyndar náði hámarki í gær. Þá safnaðist fjöldi fólks saman í Iðnó til þess að skrifa þakkarbréf til þeirra sem eru taldir hafa verið til fyrirmyndar.

Meðal þeirra sem skrifuðu bréf var Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, en í gær voru þrjátíu ár liðin frá því að hún var fyrst kvenna kjörin forseti í lýðræðislegum kosningum. Átakið er haldið í tilefni af því og er henni til heiðurs. Vigdís skrifaði dóttur sinni og tengdasyni bréf í gær og þakkaði þeim fyrir að vera góðir foreldrar.

Bréfsefni til að skrifa bréfin bárust inn á heimili í gær og munu berast inn á fleiri heimili í dag. Einnig verður hægt að nálgast bréfsefnin á pósthúsum og hjá N1 um allt land. Bréfin er hægt að setja ófrímerkt í póst innanlands. **- þeb**



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Vigdís var á meðal þeirra sem skrifuðu bréf í Iðnó í gær. Haldið var upp á að þrjátíu ár voru liðin frá kjöri hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

800 9000 | www.bilahjalp.is

# SPRUNGIÐ, BENSÍNLAUS EÐA BARA STOPP?



**Tryggur – Bílahjálp** er ný þjónusta sem aðstoðar þig ef þú lendir í bílavandræðum, hvar sem er á vegum landsins.

Ráðgjöf og aðstoð í síma 800 9000

Aðstoðum þig hvar á landinu sem er

Opið allan sólarhringinn

Fíton/SÍA

**70%** AFSLÁTTUR

VÍS

Viðskiptavinir VÍS í **F plús** fá allt að **70%** afslátt.

**TRYGGUR** BÍLAHJÁLP

## GENGIÐ 29.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,38 | 129 |
| Sterlingspund | 193,43 | 194,37 |
| Evra | 156,48 | 157,36 |
| Dönsk króna | 21,012 | 21,134 |
| Norsk króna | 19,771 | 19,887 |
| Sænsk króna | 16,428 | 16,524 |
| Japanskt jen | 1,4467 | 1,4551 |
| SDR | 189,32 | 190,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 202,8301

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kyrrsetning eigna fyrrverandi forsvarsmanna FL Group felld úr gildi með hæstaréttardómi:

# Laga þarf nýleg tekjuskattslög í kjölfar dóms

**DÓMSMÁL** Kyrrsetning eigna þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Hannesar Smárasonar og Jóns Sigurðssonar hefur verið felld úr gildi.

Prófsteinninn í máli þremenninganna var niðurstaða Hæstaréttar, sem hnekkti kröfu tollstjóra að frysta eignir Skarphéðins Bergs Steinarssonar.

Það var skattrannsóknarstjóri sem fór fram á það við tollstjóra um miðjan maí að eignir fjórmenninganna yrðu frystar vegna gruns um að þeir hafi vangreitt virðisaukaskatt þegar þeir voru forsvarsmenn FL Group á árunum 2006 og 2007.


JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON


SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON


JÓN SIGURÐSSON


HANNES SMÁRASON

Sýslumaðurinn í Reykjavík féllst á beiðnina. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi hins vegar að í lögum um tekjuskatt væri ekki að finna heimild til kyrrsetningar fyrir meint brota og að lagaskilyrði hafi skort fyrir kyrrsetningunni. Það staðfesti Hæstiréttur.

Edda Símonardóttir, forstöðumaður innheimtusviðs hjá Tollstjóraembættinu, segir að í málinu hafi verið látið reyna á viðauka við tekjuskattslög sem samþykkt voru á Alþingi í vor. Ljóst sé að þau verði að bæta.

„Ef það á að halda áfram með mál sem þessi verða stjórnvöld að bæta lögin svo þau nái yfir tilvik af þessu tagi,“ segir hún. - jab



**AFHENTI FÉÐ** Gunnlaugur afhenti peningana á Grensásdeildinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á rás fyrir Grensás fær styrk:

## Afhenti átakinu 300 þúsund

**FÓLK** Söfnunarátakið Á rás fyrir Grensás fékk í gær 300 þúsund króna styrk frá Gunnlaugi Júlíussyni hlaupara.

Upphæðin er afrakstur bókar Gunnlaugs, Að sigra sjálfan sig. Þetta er í annað sinn sem Gunnlaugur styrkir átakið, en átakið hófst formlega með hlaupi hans frá Grensásdeildinni til Akureyrar síðasta sumar.

Markmiðið með söfnuninni, sem Edda Heiðrún Backman kom af stað undir merkjum Hollvina Grensásdeildar, er að safna 500 milljónum króna. Með þeirri upphæð á að byggja 1500 fermetra við Grensásdeildina. - þeb

### DALVÍKURBYGGÐ

**Svanfríður áfram bæjarstjóri**

J-listinn – óháð framboð, og A-listinn – byggðalistinn, hafa myndað meirihlutastjórn í Dalvíkurbyggð. Svanfríður Jónasdóttir verður áfram bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

### LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um mismunandi þróun á bílalánum í Fréttablaðinu í gær urðu þau mistök í skýringartexta að raungreiðslur erlends bílaláns voru sagðar gengistryggðar með óbreyttum vöxtum. Hið rétta er að um raungreiðslur á stökkbreyttu myntkörfuláni er miðað við óbreytta stöðu fyrir dóm Hæstaréttar líkt og rauða línan sýnir í skýringarmynd.

# Ættleiðingar á eigin vegum til skoðunar

**Ragna Árnadóttir hefur óskað eftir skýrslu þar sem skoðað verður hvort leyfa eigi ættleiðingar án aðkomu félags. Skortur er á tækifærum til ættleiðingar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Dóms- og mannréttindamálaráðuneytið hefur óskað eftir skýrslu frá Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni þar sem skoðað verður hvort ástæða sé til að leyfa ættleiðingar án aðkomu félaga. Niðurstaða skal liggja fyrir ekki síðar en í október 2010.

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að ef leyft væri að ættleiða á eigin vegum á Íslandi yrðu 40 til 50 börn ættleidd hingað á ári en að undanfarin fjögur ár hafi þau að jafnaði verið þrettán. „Sum ríki vilja ekki skipta við félög, til dæmis mörg ríki í Afríku þar sem slíkt er litið hornauga, mögulega vegna sögu álfunnar í tengslum við þrælahald og slíkt,“ segir Hörður.

„Það eru rösklega hundrað pör að bíða eftir ættleiðingu og sum hver hafa beðið á fimmta ár. Það eru líka um þrjátíu einhleypir á biðlista,“ sagði Hörður og bætti því við að ættleiðingar án aðkomu félags væru besta lausnin fyrir þetta fólk.

Ættleiðingar til Íslands taka mið af Haag-samningnum svokallaða um ættleiðingar. Í samningnum er svigrúm til þess að leyfa fólki að ættleiða án þess að það fari í gegnum félag þar sem sum ríki vilja ekki skipta við félög.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurðist fyrir um þetta mál á Alþingi skömmu fyrir þinglok. Í svari Rögnu Árnadóttur kom fram að ekki væri hægt að heimila ættleiðingar á eigin vegum nema til skipulagsbreytingar kæmi. „Þá þyrfti ráðuneytið að taka að sér það eftirlit sem nú er á höndum ættleiðingarfélaganna.



**100 PÖR BÍÐA ÆTTLEIÐINGAR OG 30 EINHLEYPIR** Ættleiðingar án aðkomu félags eru besta lausnin fyrir þetta fólk segir formaður íslenskrar ættleiðingar.
NORDICPHOTOS/GETTY


RAGNA ÁRNADÓTTIR


HÖRÐUR SVAVARSSON

Fjölga þyrfti þeim starfsmönnum í ráðuneytinu sem ættu að sinna ættleiðingum, auk þess sem laga- eða reglugerðarbreytingar yrðu óhjákvæmilegar,“ sagði Ragna.

Aðspurð sagði Ragna að þetta mál hefði ekki verið tekið upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ragna sagði að það væri mikill þrýstingur á stjórnvöld að breyta sinni framkvæmd en bætti við: „Fyrir grundvallarkerfisbreytingu tel ég að það þurfi að liggja fyrir úttekt á borð við þá sem ég hef beðið um. Þegar þessi skýrsla liggur fyrir þarf að taka afstöðu til þess en engar ákvarðanir á að taka að óathuguðu máli.“

Ragna segist leggja áherslu á að stjórnvöld séu reiðubúin til að aðstoða ættleiðingarfélögin við að koma sér upp nýjum samböndum til að fjölga ættleiðingum og minnti á að í vetur var gildistími forsamþykkis lengdur þannig að aldurshámarkið á Íslandi er nú töluvert hærra en gengur og gerist á Norðurlöndunum.

magnusl@frettabladid.is

Fjármálastjóri OR:

## Harmar umræðu um bíl

**STJÓRNSÝSLA Anna Skúladóttir, fjármálastjóri Orkuveitu Reykjavíkur, hefur skilað lúxusbifreið þeirri sem hún fékk til umráða hjá fyrirtækinu. Í bréfi sem hún sendi starfsmönnum á innri vef fyrirtækisins kemur fram að bíllinn kostaði sjö milljónir króna.**


ANNA SKÚLADÓTTIR

**Anna ekur nú um á umtalsvert ódýrari bíl sem hún hafði áður til umráða. Hún segist senda bréfið til starfsmanna vegna síendurtekinnar umfjöllunar DV og vill upplýsa starfsmenn um stöðuna. „Ég harma þá umræðu sem þessi kaup hafa valdið Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir hún í niðurlagi bréfsins.** - kóp

Aðferðin þekkt í A-Evrópu:

## Erlend samtök á bak við smygl

**LÖGREGLUMÁL** Talið er að erlend glæpasamtök hafi sent tvær konur til landsins með 21 kíló af amfetamínbasa hinn 17. júní. Konurnar voru handteknar við komuna til landsins og sitja í gæsluvarðhaldi.

Báðar konurnar eru með þýskt ríkisfang en önnur er fædd í Rússlandi og hin í Kasakstan. Þetta staðfesti Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í gær.

Amfetamínið var í fljótandi formi og var komið fyrir í bensíntanki. Það er þekkt aðferð meðal brotahópa í Austur-Evrópu.

Nú stendur yfir rannsókn á því hverjir standa að baki flutningi efnisins hingað til lands. - þeb




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LEIÐINDAVEÐUR** á landinu næsta daga en það hvessir heldur við suðurströndina og fer að rigna sunnan- og suðvestanlands síðdegis í dag. Á morgun verður líklega vonskuveður við suðurströndina en einnig talsverð væta og stífur vindur í flestum landshlutum.




**Á MORGUN**
10-20 m/s, hvassast syðst á landinu.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 25° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 28° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!



Veiðar
á stórhvölum
hafa oft í för
með sér langt
dauðastríð

13 milljónir manna í 119
löndum fóru í hvalaskoðun
á síðasta ári sem skilaði
460 milljörðum
króna í tekjur

Langflest stórhveli
lifa á smágerðum kröbbum og fiski
sem maðurinn nýtir ekki

Flestar tegundir stórhvala
eru í sögulegu lágmarki

## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala
eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni.

Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna
við Ísland. Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

**Virðum náttúruna og njótum hennar!**

IFAW.org

ice whale

VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI? Sendu þá mynd af þér með hvalsporðinn á netfangið: eigumsamleid@gmail.com

**KJÖRKASSINN**




*Vilt þú að áfengisverslun ríkisins verði færð úr miðbænum?*

| | |
|---|---|
| Já | 31,5% |
| Nei | 68,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér rétt að Evrópusambandið styrki Ísland til að fara í aðildarviðræður?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Styrkir frá ESB jafna ekki út allan kostnað Íslendinga við aðildarviðræður:

# Mótframlög koma frá Íslandi

**STJÓRNMÁL** Óljóst er hve stór hluti framlaga úr IPA-sjóðum Evrópusambandsins kemur til lækkunar á beinum kostnaði Íslands vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir því að heildarkostnaður tengdur aðildarviðræðum geti numið um einum milljarði króna, að meðtöldum þýðingarkostnaði upp á ríflega hálfan milljarð.

Þennan kostnað greiða Íslendingar væntanlega að hluta upp á eigin spýtur, en eins og fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudag standa Íslendingum til boða meira en fjórir milljarðar króna frá Evrópusambandinu næstu þrjú árin til margvíslegra verkefna sem tengjast aðildarviðræðum og undirbúningi aðildar, sem geta þá komið að hluta til lækkunar þessum kostnaði.



**LEIÐTOGAR EVRÓPUSAMBANDSINS** Evrópusambandið gerir kröfu um mótframlög að hluta. NORDICPHOTOS/AFP

Reglur Evrópusambandsins um IPA-styrki gera auk þess ráð fyrir því að Íslendingar greiði mótframlag með sumum þeirra verkefna sem styrkt eru. Þannig eru styrkir sem snúa að fjárfestingum bundnir að minnsta kosti 15 prósenta mótframlagi, en beinir styrkir kalla á að minnsta kosti tíu prósenta mótframlag. Önnur verkefni lúta ekki reglum um lágmarksmótframlag. **- gb**

Fundað vegna Götusmiðju:

# Aftur í meðferð

**FÉLAGSMÁL** Forsvarsmenn Barnaverndarstofu áttu fund í fyrrakvöld með aðstandendum ungmennanna sem voru í meðferð í Götusmiðjunni áður en henni var lokað. Samkvæmt frétt á Vísi. is mun sættust aðstandendur og Barnaverndarstofa.

Að sögn Braga Guðbrandssonar forstjóra er verið að leggja lokahönd á samning við Foreldrahús sem gerir ráð fyrir því að nokkrir starfsmenn Götusmiðjunnar taki að sér að veita þjónustu við barnahópinn auk þess sem sálfræðiþjónusta verði veitt á vegum Foreldrahúss.









**OF MARGIR** Lilja hefði viljað sjá í mesta lagi einn ríkisbanka og sparisjóðakerfi til hliðar. Einkaaðilar hefðu síðan ráðið því hvort þeir stofnuðu banka, en ríkið eigi í allt of mörgum bönkum. SAMSETT MYND/KRISTINN

# Ríkið tók of háar skuldir banka yfir

**Formaður viðskiptanefndar segir fullyrðingu AGS um of marga banka sýna að ríkið hafi tekið of háar skuldir yfir með bönkunum. Eignasafnið hafi verið á allt of háu verði. Hagfræðiprófessor segir að bönkunum muni fækka.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkið var í lélegri samningsstöðu gagnvart kröfuhöfum og tók eignasafn bankanna yfir á allt of háu verði. Þetta segir Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar. Hún segir fullyrðingu Marks Flanagan hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) um of marga banka á Íslandi sýna þetta.

Inn í þetta hafi spilað að samninganefnd ríkisins virðist ekki hafa verið með lögfræðiálit um lögmæti gengislánanna, en það hefði styrkt samninga við kröfuhafana. Endurreisn bankakerfisins hafi dregist úr hófi fram og of margir bankar séu starfandi.

„Ef ríkið hefði verið í góðri samningsstöðu hefði það getað valið úr hvaða eignasöfn það keypti og sett í einn banka. Ég hefði viljað sjá hér í mesta lagi einn ríkisbanka og svo sparisjóðakerfi. Einkamarkaðurinn ræður svo hvort hann kemur til viðbótar," segir Lilja, sem telur að ríkið eigi í allt of mörgum bönkum.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

Neyðarlögin eru hluti vandans í hennar huga. Vegna þeirra hafi aldrei verið skilið á milli gömlu og nýju bankanna og þeir fyrrnefndu ekki keyrðir í þrot. Samningsstaðan hafi verið svo léleg vegna neyðarlaganna.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir bankana of marga miðað við smæð hagkerfisins og segir að þeim muni fækka á næstu árum.

„Við erum með stærra bankakerfi en við þurfum miðað við stærð hagkerfisins. Það er ljóst að við munum ekki fara út fyrir landsteinana næstu tíu, tuttugu, þrjátíu árin. Það er því líklegt að kerfið muni dragast saman í framtíðinni."

Þórólfur segir rætt um að leyfa tveimur af stóru bönkunum þremur að sameinast, vegna samkeppnissjónarmiða. Ljóst er að mun harðari kröfur verða gerðar til samsetningar eiginfjár og til innra eftirlits bankanna í kjölfarið á hruninu. Það þýði að erfiðara verði að reka litlar einingar en stórar.

„Þá er líklegt að þeir stóru taki þá smærri yfir, eða þeir smærri taki sig saman. Menn eru þó brenndir af því sem gerðist fyrir hrun og þetta gerist því kannski ekki einn, tveir og þrír, heldur yfir mörg ár. Þá eru eignasöfn bankanna þannig að erfitt er að átta sig á verðmæti þeirra."

**kolbeinn@frettabladid.is**





Bjóðum fjölbreytt úrval af parketi frá Parador. Einfalt smellukerfi, auðvelt að leggja. Komdu í heimsókn í Ármúla 32 eða hafðu samband í síma 568 1888. Við hjálpum þér að finna rétta gólfefnið.

PARKET & GÓLF

PARADOR luxury flooring concepts

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is


Verðbólgan hefur farið minnkandi síðustu tólf mánuði:

# Verðbólga í júní var 5,7 %

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í júní er 364,1 stig og lækkaði um 0,33 prósent frá fyrra mánuði.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 346,3 stig og lækkaði hún um 0,46 prósent frá maí. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Verðbólgan mældist því 5,7 prósent.

Verð á bensíni og díselolíu lækkaði um 5,9 prósent og á mat og drykkjarvöru um 1,5 prósent. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,7 prósent en vísitala neysluverðs án húsnæðis um 7,5 prósent.

Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,3 prósent sem jafngildir 1,3 prósent verðbólgu á ári. **- kóp**

**Breytingar á verðbólgu síðustu 12 mánuði**




Heimild: Hagstofa Íslands



**Sylt**
**Fjölskyldutjöld 4 manna**
2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 460 x 210 x 190
5869206
**14.990**
~~18.295~~

**2 SVEFN-HERBERGI**

**Sylt**
**Fjölskyldutjöld 6 manna**
2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 450 x 210 x 185
5869207
**19.990**
~~24.895~~

# ÚTILEGAN Á
# BETRA VERÐI



Vindbuxur í stíl aðeins **3.999kr.**

**4.999**
~~5.999~~

**Regn & vindsett m/ öndun**
Blá, grá & rauð. Dömu, herra og barna.
5868030 - 88



**8.999**
~~12.990~~

**Gönguskór**
með gartex öndun
5863108 - 112



TrueNorth

**4.999**
~~5.999~~

**Flíspeysur** Dömu & herra
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752



**3.590**
~~4.390~~

**Svefnpoki**
Oulu, 1,4kg -8°C
3000045

**Tjald 3 manna Santa Barbara**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130 x 210 x 210 sm
5869205

**7.990**
~~9.890~~



**Tjaldborð og bekkjarsett**
2bekkir og borð
stærð 113 x 68 x 72 sm
3899360

**14.990**
~~16.495~~



**Útivistabuxur**
Dömu & herra
Einning til með renndum skálmum.
5863782 - 806

**6.999**



**Látum verkin tala!**

Gildir til 5. júlí

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**




Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

# Töldu stjórnmálin vera kaup kaups

Jón Sigurðsson segir félagasamtök hafa reynt að bjóða Framsóknarflokknum atkvæði fyrir greiða fyrir kosningar 2007. Flokkurinn hafi á þeim tíma verið lamaður af illdeilum og beri meðábyrgð á aðdraganda og forsendum hrunsins.



**JÓN SIGURÐSSON** Segist augljóslega ekki hafa náð út fyrir fylgiskjarna flokksins fyrir kosningar 2007, þegar Framsóknarflokkurinn galt sitt versta afhroð í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson varð aldrei eiginlegur flokksformaður Framsóknarflokksins því að öll formennska hans fór í að halda samstöðu og koma í veg fyrir íkveikjur meðal framsóknarmanna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein hans í tímaritinu Stjórnmál og stjórnsýsla, sem kom út í gær.

Jón gerir upp tímann í kringum Alþingiskosningar 2007, þegar hann var iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formaður flokksins. Hann segir samtök framsóknarmanna í Reykjavík hafa verið lömuð af illdeildum, óhróður um forystumenn flokksins hafi náð langt inn í hann sjálfan og menn í efstu forystu hafi tekið þátt í því.

Þá segir Jón marga hafa verið vana spillingarglósum um flokkinn. „Lærdómsríkt var að kynnast viðskiptahugmyndum sumra um stjórnmálin. Þau ættu að vera kaup kaups: Þið gerið fyrst eitthvað fyrir okkur og svo styðjum við ykkur á eftir. Forystumenn samtaka þóttust geta boðið atkvæði almennra félagsmanna í samræmi við þetta.“

Jón segir forseta Íslands hafa boðið honum nokkrum sinnum til Bessastaða til viðræðna. „Mér fannst forsetinn vera að leita að tækifæri til að taka sjálfstætt frumkvæði í einhverju málefni – bæði að leita að málefninu og tækifærinu – til að staðfesta sjálfstætt eigið hlutverk og áhrifavald.“ Jón segir þetta fróðlegt í ljósi síðari atburða. Þá lýsir hann Geir H. Haarde sem góðum samstarfsmanni, tillitssömum og jarðbundnum miðjumanni sem tók ekki mikið frumkvæði.

Jón segir flokkinn bera pólitíska meðábyrgð á aðdraganda og forsendum hrunsins. Fráleitt sé að rekja hrunið til kvótakerfisins, en það hafi þó verið upphaf að aðgreindum eiginlegum fjármálamarkaði á Íslandi. Þá segir hann að pólitískir bláþræðir hafi verið í einkavæðingu bankanna, en það standist ekki að rökvíslegir „þræðir liggi þaðan til atburða ársins 2008“.

> Þið gerið fyrst eitthvað fyrir okkur og svo styðjum við ykkur á eftir.
>
> **JÓN SIGURÐSSON**
> FYRRV. FORMAÐUR FRAMSÓKNARFL.

Jón segist hafa leitað upplýsinga um Icesave árið 2006, og „fékk þau svör að það væri öruggt og ekki ástæða til áhyggju af því“. Hann segir að ákveðið hafi þó verið árið 2007 að skipa nefnd til að fara yfir málið, sérstaklega Evrópureglur um útibú og dótturfyrirtæki og innstæðutryggingar. Þar sem styttist í kosningar á þeim tíma hafi því verið frestað.

Jón segist hafa rætt það mánuðum fyrir kosningar að hann myndi segja af sér næði hann ekki kjöri, eins og varð úr eftir stuttar meirihlutaviðræður við Sjálfstæðisflokkinn. „Augljóst var að ég náði ekki út fyrir fylgiskjarna flokksins,“ segir Jón. thorunn@frettabladid.is





ÚTSALAN HEFST
Á MORGUN, FIMMTUDAG!
Verðdæmi:
Agúrku-andlitshreinsimjólk (250ml)
með 45% afslætti
Verð: 480 kr. Áður: 890 kr.
CUCUMBER
CONCOMBRE
CLEANSING MILK
LAIT DEMAQUILLANT
250 ml (8.4 US FL OZ)
ALMOND BODY BUTTER
Verðdæmi:
Almond-húðnæring (200ml)
með 35% afslætti
Verð: 1290 kr. Áður: 1990 kr.
Nú er tækifærið! Skoðið úrvalið og gerið góð kaup.
ÚTSALA
35-50% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUTEGUNDUM
COCONUT
SHOWER CREAM
NOIX DE COCO
CRÈME DE DOUCHE
400 ml (8.4 US FL OZ)
Verðdæmi:
Coconut-sturtugel (400ml)
með 35% afslætti
Verð: 1090 kr. Áður: 1690 kr.
THE BODY SHOP
Verðdæmi: Polynesia Spa
Body Pureé-húðnæring (250ml)
með 50% afslætti
Verð: 1120 kr. Áður: 2240 kr.
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

**FRÉTTASKÝRING:** Hækkar eða lækkar matið á eigninni minni?

# Matið breytilegt eftir landshlutum

**Heildarmat á fasteignum landsins lækkar um 8,6% árið 2011. Misjafnar lækkanir eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Mat á 94 prósentum af íbúðarhúsnæði landsmanna lækkar. Fasteignaskattur lækkar með lægra mati nema sveitarfélögin ákveði skattahækkun.**

**BYGGÐAMÁL** Heildarmat fasteigna á landinu lækkar um 8,6 prósent árið 2011. Fasteignaeigendur um land allt fengu í gær og fá í dag tilkynningar um nýjar niðurstöður fasteignamats. Mat á 94% íbúðareigna landsmanna lækkar en einstaka svæði innan höfuðborgarsvæðisins hækka í verði ásamt nokkrum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Breytingar eru mismiklar eftir svæðum. Fasteignamat í Vestmannaeyjum hækkar til að mynda um 10,4 prósent.

Fasteignamat á hverjum tíma endurspeglar staðgreiðsluverð fasteignar í febrúar hvers árs samkvæmt lögum sem tóku gildi í fyrra. Hver einasta fasteign skal metin árlega í ljósi kaupsamninga um sambærilegar eignir.

Heildarmat fasteigna lækkar innan höfuðborgarsvæðisins um rúm 10 prósent, misjafnlega mikið eftir matssvæðum. Þó eru einstaka svæði innan matssvæðanna, svokölluð undirmatssvæði, þar sem annað fasteignamat gildir. Þorsteinn Arnalds, aðstoðarframkvæmdastjóri mats- og hagsviðs Fasteignaskrár Íslands, segir ástæðurnar að baki ólíku mati misjafnar. „Undirmatssvæðin eru svæði innan hverfa þar sem eru staðbundnar aðstæður sem valda því að eignirnar eru annaðhvort mjög eftirsóknarverðar eða alls ekki,“ segir Þorsteinn.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir að lækkun húsnæðisverðs sé mest á svæðum þar sem það hækkaði mest fyrir hrun bankanna. „Menn vissu að fasteignamatið myndi lækka töluvert þar sem bólan varð stærst,“ segir Gunnlaugur. „Þá lækkuðu sveitarfélög álagningarhlutfallið til að skattþunginn færi ekki fram úr öllu hófi.“

Gunnlaugur segir stöðuna misjafna eftir sveitarfélögunum og þau verði að meta hvert um sig hvort ástæða sé til skattahækkana í ljósi þess að um 20 prósent heildarskatttekna þeirra séu fasteignaskattar.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að borgaryfirvöld þurfi að skoða málið áður en nokkuð verði ákveðið um skattahækkun.

sunna@frettabladid.is

## Landið allt

**Heildartölur um breytingar**







☐ Hverfi þar sem fasteignamat er hærra vegna sérstakra aðstæðna

☐ Hverfi þar sem fasteignamat er lægra vegna sérstakra aðstæðna

## Matssvæði

| Matssvæði | | sérb. | fjölb. |
|---|---|---|---|
| 1 | Reykjavík, utan þéttbýlis | 0.75 | 0.77 |
| 2 | Vesturb., vestan Bræðrab.st. | 1.28 | 1.19 |
| 3 | 101, Bræðrab.st. að Snorrabr. | 1.26 | 1.25 |
| 4 | Suður-Þingholt | 1.60 | 1.40 |
| 5 | Melar - að sjó | 1.22 | 1.29 |
| 6 | Hagar/Melar vestan Hofsv.g. | 1.31 | 1.21 |
| 7 | Skerjafjörður | 1.25 | 1.28 |
| 8 | Hlíðar | 1.19 | 1.21 |
| 9 | Kringlan | 1.17 | 1.25 |
| 10 | Holt/Tún | 1.13 | 1.21 |
| 11 | Háaleiti/Skeifa | 1.13 | 1.14 |
| 12 | Laugarneshverfi/Vogar | 1.11 | 1.16 |
| 13 | Bryggjuhverfi | 1.07 | 1.03 |
| 14 | Grafarv.: Hamrar, Foldir, Hús | 1.10 | 1.02 |
| 15 | Rimar, Engi, Víkur, Borgir | 1.00 | 1.00 |
| 16 | Grafarvogur: Staðir | 1.04 | 1.03 |
| 17 | Seljahverfi | 1.00 | 1.12 |
| 18 | Hólar, Berg | 1.00 | 1.00 |
| 19 | Fell | 0.95 | 0.94 |
| 20 | Neðra-Breiðholt | 1.00 | 1.00 |
| 21 | Grafarholt | 1.00 | 0.98 |
| 22 | Úlfarsárdalur | 0.90 | 0.90 |
| 23 | Árbær | 1.06 | 1.07 |
| 24 | Ártúnsholt/Höfðar | 1.06 | 1.09 |
| 25 | Selás | 1.08 | 1.06 |
| 26 | Norðlingaholt | 0.93 | 0.91 |
| 27 | Fossvogur | 1.21 | 1.28 |
| 28 | Réttarholt | 1.08 | 1.18 |
| 29 | Blesugróf | 1.08 | 1.28 |
| 30 | Háaleiti | 1.14 | 1.18 |

| Matssvæði frh. | | sérb. | fjölb. |
|---|---|---|---|
| 31 | Bústaðahverfi | 1.05 | 1.18 |
| 32 | Kjalarnes | 0.75 | 0.77 |
| 33 | Kópavogur : Vesturbær | 1.03 | 1.12 |
| 34 | Kópavogur: Austurbær | 1.04 | 1.08 |
| 35 | Kópavogur: Hjallar, Smárar | 1.12 | 1.09 |
| 36 | Kópavogur: Lindir, Salir | 1.10 | 1.03 |
| 37 | Kópavogur: Hvörf, Þing | 1.00 | 0.97 |
| 38 | Kópavogur: Kórar | 1.00 | 0.92 |
| 39 | Seltjarnarnes | 1.29 | 1.18 |
| 40 | Garðabær | 1.11 | 1.10 |
| 41 | Garðabær: Sjáland | 1.11 | 1.16 |
| 42 | Garðabær: Akrahverfi | 1.11 | 1.10 |
| 43 | Gbr.: Ásar, Grundir, Tún, Fit | 1.08 | 1.11 |
| 44 | Gbr.: Vestan Hraunholtsbr. | 1.00 | 1.00 |
| 45 | Garðabær: Arnarnes | 1.14 | 1.16 |
| 46 | Garðabær: Utan þéttbýlis | 1.00 | 1.00 |
| 47 | Hafnarfjörður | 0.98 | 1.02 |
| 48 | Hafnarfjörður: Hvaleyrarh. | 0.94 | 0.94 |
| 49 | Hafnarfjörður: Vellir | 0.77 | 0.94 |
| 50 | Hafnarfjörður: Ásland | 0.95 | 0.98 |
| 51 | Hafnarfjörður: Setberg | 1.02 | 1.00 |
| 52 | Hafnarfjörður: Flensborg | 1.09 | 1.07 |
| 53 | Hafnarfj.: Sunnan byggðar | 0.75 | 0.77 |
| 54 | Hafnarfjörður: Börð | 0.93 | 0.99 |
| 55 | Álftanes | 0.93 | 0.91 |
| 56 | Mosfellsbær | 0.98 | 1.00 |
| 57 | Mosfellsbær: Teigar, Krikar | 0.92 | 0.93 |
| 58 | Mosfellsbær: Leirvogstunga | 0.92 | 0.93 |
| 59 | Mosfellsbær: Mosfellsdalur | 0.75 | 0.77 |
| 60 | Mosfellsb.: Utan þéttbýlis | 0.75 | 0.77 |

## Undirmatssvæði - Útreikningur

**Grunnverðmat á fasteign x matssvæði x undirmatssvæði = Fasteignamat**

**Matssvæði:**
Hlíðar, fjölbýli: 1,21

**Undirmatssvæði:**
Hlíðar (Miklabraut), fjölbýli: 0,86

**Aðferð:**
Grunnverðmat á fasteign x 1,21 x 0,86 = Núverandi fasteignamat

- Íbúð í fjölbýli: 20 milljónir
- Íbúð í fjölbýli í Hlíðunum: 20 milljónir x 1,21 = 24,2 milljónir
- Íbúð í fjölbýli í Hlíðunum, á Miklubraut: 24,2 milljónir x 0,86 = 20 milljónir og 812 þúsund

| Undirmatssvæði | | sérb. | fjölb. |
|---|---|---|---|
| 61 | Kleppsvegur | 0.87 | 0.92 |
| 62 | Miklabraut | 0.86 | 0.86 |
| 63 | Hringbraut | 0.90 | 0.92 |
| 64 | Hverfisgata | 0.92 | 0.88 |
| 65 | Ægisíða, Starh., hluti Lyngh. | 1.19 | 1.15 |
| 66 | Breiðablik (Efstaleiti 10-14) | 1.00 | 1.41 |
| 67 | Sjávargrund | 0.88 | 0.88 |
| 68 | Einimelur | 1.22 | 1.00 |
| 69 | Skildinganes | 1.24 | 1.15 |
| 70 | Suðurströnd Seltjarnarness | 1.44 | 1.15 |
| 71 | Norðurmýri, austan Flókag. | 1.08 | 0.95 |
| 72 | Háteigsv., Flókag., Úthlíð | 1.00 | 1.06 |
| 73 | Kópavogur, við Fossvogsdal | 1.13 | 1.09 |
| 74 | Laugarás | 1.18 | 1.12 |
| 75 | Blokkir við Kringlum.br./Miklubr. SV | 1.00 | 0.92 |
| 76 | Norðurbakki | 1.00 | 1.12 |
| 77 | 101 - Skuggahverfi | 1.00 | 1.15 |
| 78 | Norðaustan Hlemms | 1.08 | 0.89 |
| 79 | Vesturberg | 0.90 | 1.00 |

| Undirmatssvæði frh. | | sérb. | fjölb. |
|---|---|---|---|
| 80 | Seljahverfi, austur | 0.92 | 0.90 |
| 81 | Kópa-, Lauga-, Ljósa- og Melalind | 1.00 | 1.06 |
| 82 | Stranda-, Teiga, Tinda, Tungu- og Stíflus. | 1.00 | 0.90 |
| 83 | Njálsg., Grettisg., Barónsst. | 0.87 | 0.90 |
| 84 | Laugavegur | 1.11 | 1.06 |
| 85 | Skólavörðustígur | 1.11 | 1.06 |
| 86 | Fossvogsdalur | 1.20 | 1.00 |
| 87 | Arnarnes, sjávarsíða | 1.20 | 1.00 |
| 88 | Kópavogur við Fossvog | 1.10 | 1.00 |
| 89 | Suðurströnd Kársness | 1.20 | 1.00 |
| 90 | Hlíðar við Kringlumýrarbr. | 0.91 | 0.91 |
| 91 | Grundarhús/Vallarhús | 0.89 | 1.00 |
| 92 | V-Stigahl./Háahl./Hörgshlíð | 1.20 | 1.00 |
| 93 | Blesugróf við Reykjanesbr. | 0.92 | 1.00 |
| 94 | Miklabraut/Reykjanesbraut | 0.92 | 1.00 |
| 95 | Hrafnista -Hlein | 1.15 | 1.00 |
| 96 | Hjallasel | 1.15 | 1.00 |
| 97 | Hrafnista - Jökulgrunn | 1.15 | 1.00 |

## Spurt og svarað

**Sverrir Kristjánsson, fasteignasali hjá Eignamiðlun ehf.**

Hvað þýðir lækkun fasteignamats fyrir lánshæfi og veðhæfi íbúða?
*Í raun ekki mikið. Fasteignamatið er að fylgja þeim lækkunum sem nú þegar hafa orðið á markaðnum. Markaðsverð hefur áhrif á fasteignamatið, ekki öfugt.*

Hvað þýðir breytingin fyrir fasteignaskatta?
*Það verða væntanlega lægri fasteignagjöld. En það er undir stjórnum sveitarfélaganna komið.*

Þýðir þetta að fasteign mun lækka meira í verði eða endurspegla tölurnar núverandi ástand?
*Þessar tölur segja ekkert til um hvort fasteignir eigi eftir að lækka meira. Ég tel að það verði ekki mikið um meiri lækkanir úr þessu.*

## Hvað ræður mati?

Staðsetning
Stærð
Byggingarár
Byggingarflokkur
Byggingarefni
Ástand fasteignar





Íslendingar velja **MP banka**

*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins 16. júní

Við erum stolt af niðurstöðum könnunar sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.*

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

# GLASAMARKAÐUR

## MARGAR TEGUNDIR AF GLÖSUM Á FRÁBÆRU VERÐI!




Vínglös 3 í pk.
verð frá
**699.-**

Skálar 2 í pk.
verð frá
**799.-**

Glös 3 í pk.
verð frá
**359.-**

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FASTUS
Ansell
Ansell einnota hanskar
Fastus hefur tekið yfir sölu og dreifingu á Ansell einnota hönskum.
Erum með gott úrval af nítríl og latex einnota hönskum.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

FRYSTIVARA
ilmandi HEIMABAKSTUR ljúffengt
KEX smiðjan
Kanilsnúðar
Íslenskur gæðabakstur - Tilbúinn í ofninn

5 mín

Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
Afmælishátíð Gamla Kaupfélagsins á Írskum dögum, Akranesi
Laugardaginn 3. júlí
Forsala hafin í Gamla Kaupfélaginu og Jack & Jones, Kringlunni og Smáralind.
Miði og diskur 2500kr.
gamla kaupfélagið JACK & JONES
Gamla Kaupfélagið | Kirkjubraut 11 | Sími: 431 4343

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

**FRÉTTASKÝRING:** Ísland og ESB



**DREGIN TIL BAKA** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti á laugardag að draga ætti umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Evrópusinnaðir flokksmenn eru ósáttir, en klofningur er ólíklegur að svo stöddu. . FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Evrópumálin í óvissu

**Andstaða við umsókn Íslands að Evrópusambandinu er áberandi þessa dagana. Í raun má segja að Samfylkingin hafi einangrast í stuðningi sínum við aðildina. Lítilla tíðinda er þó að vænta fyrr en í fyrsta lagi í haust.**

Sé eitthvað sem stendur upp úr, eftir flokksfundi síðustu helgi, er það andstaðan við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Tveir flokkar, þar af annar stjórnarflokkanna, tóku málið fyrir og þrátt fyrir mismunandi afgreiðslu má ljóst vera að andstæðingum aðildar vex fiskur um hrygg.

### Kauðaleg staða

Vinstrihreyfingin grænt framboð er í ríkisstjórn sem sótti um aðild að Evrópusambandinu. Því áttu margir flokksmenn erfitt með að kyngja, enda hefur flokkurinn ekki farið í grafgötur með andstöðu sína við aðild. Það var hins vegar metið svo að til að hægt yrði að mynda stjórn með Samfylkingunni væri nauðsynlegt að ná lendingu í þessum málum.

Hún varð sú að sótt yrði um og samningur síðan borinn undir þjóðina. Flokksmenn beggja flokka væru hins vegar frjálsir að því að tala fyrir sannfæringu sinni í málinu, þó það gengi gegn stefnu hins flokksins.

Þetta hefur á stundum virkað kauðalegt og nú þegar andstaðan virðist fara vaxandi segja heimildarmenn Fréttablaðsins að þetta verði stjórninni óþægur ljár í þúfu. Það muni reyna á samstarfið að helmingur ríkisstjórnarinnar megi ekki opna munninn án þess að níða ESB. Þetta verði flokkunum mun þyngra en ráð var fyrir gert.

### Breytt valdahlutfall

Vinstri græn gáfu eftir aðildarumsókn til að mynda stjórnina; fórnuðu minni hagsmunum fyrir meiri, að mati flokksmanna. Þá var staðan sú að Sjálfstæðisflokkurinn vildi tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild og Framsóknarflokkurinn vildi sækja um aðild að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samfylkingin hafði því um marga kosti að velja, þegar kom að samstarfi í Evrópumálum.

Nú er öldin önnur. Sjálfstæðisflokkurinn vill draga umsóknina um aðild til baka og innan Framsóknarflokksins gætir vaxandi óánægju með það hvernig á Evrópumálunum er haldið. Samfylkingin hefur því einangrast og valdahlutfallið snúist við.

Margir innan Vinstri grænna spyrja sig hvort þrýstingurinn sé ekki kominn á Samfylkinguna. Hún muni ekki sprengja stjórn vegna Evrópumála, þar sem enginn annar stjórnarkostur sé í boði.

Raunar telja mörg Vinstri græn það happ að stefna flokksins um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu varð ekki ofan á. Hefði þjóðin samþykkt að sækja um aðild hefði verið erfitt fyrir forystumenn flokksins að tala gegn því.

Það er því spurning hvort Samfylkingin hafi gert mistök með því að keyra málið í gegn án þess að leita samþykkis þjóðarinnar. Þá væri málið geirneglt og allt tal um að draga umsókn til baka væri gegn lýðræðislegum vilja þjóðarinnar.

### Breyting gagnvart Evrópu

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið klofinn í Evrópumálum um nokkra hríð. Þeir sem voru hlynntari Evrópusambandinu þóttu standa með pálmann í höndunum þegar forystuna skipuðu þau Bjarni Benediktsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem bæði höfðu lýst yfir áhuga á að kanna upp á hvað sambandið byði. Hið sama höfðu áhrifamiklir þingmenn gert, til dæmis Illugi Gunnarsson.

Svo virðist sem Evrópusinnar hafi sofið á verðinum fyrir landsfundinn um síðustu helgi. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við í aðdraganda hans bjuggust ekki við neinum sérstökum tíðindum og forsíðufrétt Fréttablaðsins um að í undirbúningi væri tillaga um að draga umsókn um aðild til baka vakti athygli og sumir töluðu um hana sem uppspuna.

Reyndin varð sú að andstæðingar umsóknar lögðu slíka tillögu fram og hún var samþykkt. Flokkurinn hefur því þá opinberu stefnu að draga aðildarumsóknina til baka.

### Evrópusinnar óánægðir

Niðurstaða fundarins hleypti illu blóði í Evrópusinnaðri arm flokksins. Umræða fór strax af stað um að einhverjir myndu kljúfa sig úr flokknum og mynda nýjan. Sú umræða virðist hins vegar ekki rista mjög djúpt.

Hugmyndin líður kannski helst fyrir það að enginn þungavigtarmaður hefur léð máls á stofnun nýs flokks. Þeir sem nefndir hafa verið til sögunnar, Sveinn Andri Sveinsson og Guðbjörn Guðbjörnsson helstir, eru frekar á jaðrinum og hafa ekki nægilega mikla vigt.

Þeir sem gætu dregið til sín fylgi bíða átekta og sjá til. Viðkvæðið er í þá veru að þeir vonist til að um flóðbylgju sé að ræða sem muni sjatna. Samþykkt landsfundarins muni því ekki hafa varanleg áhrif og flokkurinn rétta kúrsinn af.

Komi hins vegar til þess að flokkurinn gangi til kosninga undir slíkri stefnu geti komið annað hljóð í strokkinn hjá Evrópusinnuðum sjálfstæðismönnum. Lítil löngun sé til þess að fylgja flokki í kosningabaráttu með harða andstöðu gegn Evrópusambandinu á stefnuskrá sinni.

Rétt er þó að benda á að löngum hefur verið talað um klofning innan Sjálfstæðisflokksins sem sjaldan hefur orðið af.

### Minni áhugi

Framsóknarflokkurinn hefur verið hlynntur umsókn um ESB-aðild, en þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru ítarleg og varð sumum það að orði þegar þau komu fram að þau væru svo ströng að ljóst væri að um höfnun á aðild væri að ræða. Flokksforystan hefur þó ítrekað að hún vilji skoða málið, en standa vörð um skilyrðin.

Mörgum innan flokksins þykir sem viðræðuferlið snúist fullmikið um aðlögun að sambandinu. Gengið sé út frá því að Ísland gangi inn, sem er kannski eðlilegt í ljósi þess að landið sótti um aðild.

Heimildarmenn Fréttablaðsins innan flokksins segja að minni áhugi sé á meðal flokksmanna nú varðandi aðildina. Mörgum þykir einsýnt að skilyrði flokksins muni ekki halda og því sé í raun sjálfhætt í viðræðum.

Þess má geta að samkvæmt skoðanakönnununum eru æ fleiri á því að draga eigi umsóknina til baka.

### Tíðinda að vænta í haust

Vinstri græn vísuðu tillögunni um að draga umsóknina til baka til nefndar. Samkvæmt heimildum blaðsins er ætlunin að kortleggja málið og sjá hvernig landið liggur varðandi viðræðurnar áður en nokkur ákvörðun verður tekin. Af því verður þó varla fyrr en í haust.

Þá vekur athygli að barátta Evrópusinna hefur lítil sem engin verið. Ein og ein grein hefur birst varðandi málið, en formleg barátta fyrir aðild er engin hafin og mun trauðla hefjast fyrr en í haust.

Hvort það er of seint fyrir stuðningsmenn aðildar kemur í ljós. Andstæðingarnir virðast eiga sviðið núna.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is






# Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni

**0% VAXTALAUSAR LÉTTGREIÐSLUR allt að 6 mánuðum!**

THE NORTH FACE

HIGH PEAK

FJÄLL RÄVEN



### High Peak Como 6 manna

*Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 200 cm.*

Verð **39.990** kr.



### High Peak Ancona 4 og 5 manna

*Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 190/200 cm.*

Verð **42.990/52.990** kr.



### Taranto 6 manna

*Tvískipt innratjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 210 cm.*

Verð **79.990** kr.



### High Peak Ikaria 4 manna

*Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.*

Verð **28.990** kr.



### High Peak Nevada 3 manna

*Sígilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm.*

Verð **16.990** kr.



### High Peak Cave 2 og 3 manna

*Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fibersúlur. Hæð 90 cm.*

Verð **19.990/23.990** kr.

# Tjaldaúrvalið er í Tjaldalandi

## Öll helstu merkin í tjöldum!



### The North Face Tadpole 2 manna

*Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.*

Verð **54.990** kr.



### High Peak Denali 3 manna

*Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg.*

Verð **64.990** kr.



**Uppsett tjöld til sýnis alla virka daga frá kl. 10-17.**

**Fleiri upplýsingar á www.utilif.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50721 05/10

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

# ÚTILÍF

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*

VINSÆLASTI ORKUDRYKKURINN Í BÓNUS.

98 KR.STK

EUROSHOPPER ENERGY 250 ml

pick me up. / in fruit we trust. / one ingredient: fruit. / no bad stuff. zilch, zero, nada.

froosh fruit: bottled 250 ml flaska **298 kr.**

LOKSINS **KOMIÐ** AFTUR

Hunts tvenna

398 KR. PK

TÓMATSÓSA 680g
BBQ SÓSA 612g

598 KR.2 STK

SKURÐARBRETTI 2 STK PLAST

## OS OSTUR MEÐ 25% AFSLÆTTI

25% AFSLÁTTUR

GRILLOSTUR **1248 kr.kg.**
MERKT VERÐ 1664 KR.KG

GOTTI **987 kr.kg.**
MERKT VERÐ 1316 KR./KG.

ÆÐI BITAR / PRINS BITAR / HRAUN BITAR

598 KR. 3 PK

GÓU ÞRENNAN

74 KR. 500 ML

EINNOTA GRILL

**HEIMA: EINNOTA GRILL - TVÆR STÆRÐIR**
30 x 22 sm: **359 kr.** 30 x 46 sm: **798 kr.**
GRILLVÖKVI 1 LTR. **379 kr.**

459 KR. 1200g

359 KR. 600g

ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKINN
*FRÁBÆRT VERÐ !*

129 KR. 1 LTR

179 KR. 2 LTR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*


**98** KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g (hálft)

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG ***198 kr.stk***




DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR.


**198** KR.PK
4 STK. BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR



**98** KR.PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK



**298** KR.PK
BÚRFELLS HANGIÁLEGG
143g /11 SNEIÐAR


**198** KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐ MJÚKAR KRINGLUR 4 STK

BÓNUS *BRAUÐSALAT*



**159** KR.PK
BÓNUS BRAUÐSALAT 200G



**498** KR. PK
PIK-NIK KARTÖFLUSTRÁ


**198** KR.PK
BÖKUNARKARTÖFLUR Í ÁLI CA 700G



**159** KR.DS
BÓNUS HRÁSALAT 350G



**198** KR.DS
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270ML
PIPAR OG HVÍTKLAUKS



**359** KR. STK
GASKVEIKJARI



**179** KR.STK
BÓNUS SÆTT SINNEP 460 ml



**198** KR.STK
BÓNUS HAMBORGARASÓSA & REMÚLAÐISÓSA 400 ml



**159** KR.PK
EUROSHOPPER STEIKUR LAUKUR 200g



**149** KR. 2 LTR



**1298** KR.PK
BÓNUS FROSNIR NAUTABORGARAR (NAUTAKJÖT+PROTEIN) 10 X 120g



**139** KR.PK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ



**111** KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ



**598** KR. KG
BÓNUS PYLSUR
**25% afsláttur**
MERKT VERÐ 599 KR.KG.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þarf að búa lögregluna rafbyssum svo hún geti brugðizt við vaxandi ofbeldi?

## Tími ákvarðana

Fréttablaðið sagði frá því á mánudaginn að ofbeldi gegn lögreglumönnum færi vaxandi og yrði sífellt grófara. Árið 2008 hlutu 29 lögregluþjónar varanlegan skaða vegna ofbeldis, sem þeir urðu fyrir við skyldustörf. Í fyrra voru þeir 38.

Aukið ofbeldi gegn lögreglunni á sér vafalaust ýmsar orsakir. Skipulagðri glæpastarfsemi hefur vaxið fiskur um hrygg hér á landi og hér starfa nú erlendar glæpaklíkur, sem svífast einskis. Virðing fyrir lögregluþjónum og störfum þeirra virðist á undanhaldi hjá mörgum. Þá þarf lögreglan í vaxandi mæli að fást við fólk, sem er snarbrjálað af fíkniefnaneyzlu.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að lögreglan væri of fáliðuð og það skapaði hættu varðandi öryggi lögreglumanna. Hann sagði að lögreglan vildi ekki vopnvæðast, en ljóst væri að þegar lögreglumenn væru í lífshættu, yrðu þeir að hafa búnað til að verja sig. Geir Jón vísaði til þess að til skoðunar væri að lögreglan á Íslandi bæri rafbyssur, en þau tæki væru árangursrík og hefðu jafnvel bylt samskiptum lögreglu við ofbeldisfullt fólk.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sitt sýnist hverjum um rafbyssurnar. Fyrir liggur að beiting þeirra er afar sársaukafull og lamar um stundarsakir þann sem fyrir henni verður. Heilbrigt fólk á þó ekki að bíða skaða af rafstuðinu sem slíku. Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International hafa lagzt gegn beitingu rafbyssna og jafnað henni við pyntingar. Þau hafa ennfremur bent á allmörg dauðsföll, sem orðið hafa eftir að fólk fékk raflost úr rafbyssu. Amnesty hefur hvatt til þess að lögreglan tileinki sér aðrar aðferðir til að taka á ofbeldisfullu fólki.

Á móti er bent á að afar sjaldan hafi verið hægt að rekja dauðsföll til notkunar rafbyssunnar sem slíkrar. Þeir, sem hafi látizt eftir slíka valdbeitingu, hafi verið veikir fyrir vegna ofneyzlu vímuefna eða vegna sjúkdóms. Fylgjendur rafbyssnanna benda sömuleiðis á að hefðbundin lögreglutök og beiting piparúða, kylfu eða annarra hjálpartækja lögreglunnar geti sömuleiðis valdið slysum, örkumlum og dauða. Í Bandaríkjunum kom rafbyssa við sögu í 5% tilfella, þar sem fólk lézt í kjölfar afskipta lögreglu á tímabilinu 2000-2007.

Innleiðing rafbyssnanna hefur þannig iðulega leitt til þess að ekki einvörðungu hefur slysum á lögreglumönnum fækkað um tugi prósenta, heldur hefur slysum á þeim sem lögreglan þarf að hafa afskipti af jafnframt stórfækkað. Eftir stendur þó sú staðreynd að rafbyssa er hættulegt tæki og vandmeðfarið, rétt eins og lögreglukylfa eða piparúði. Yrði það tekið í notkun hér, yrði að setja um það strangar reglur og gera miklar kröfur til þjálfunar lögreglumanna í meðferð þess.

Kjarni málsins er hins vegar sá að rafbyssurnar hafa verið hér til „umræðu“ og „skoðunar“ í a.m.k. þrjú ár. Á meðan hallar stöðugt á lögregluna í glímunni við æ ofbeldisfyllri glæpamenn og ofbeldisseggi. Samfélagið getur ekki látið það líðast að vaðið sé yfir lögregluna og starfsmenn hennar limlestir. Þess vegna þarf ákvarðanir núna, annaðhvort um rafbyssurnar eða einhver önnur meðul, sem reynast jafnárangursrík.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Merkileg innsýn

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, skrifar athyglisverða grein um formannstíð sína á vefritið Stjórnmál og stjórnsýsla. Greinin veitir fróðlega innsýn í stjórnmálin. Jón skrifar meðal annars: „Lærdómsríkt var að kynnast viðskiptahugmyndum sumra um stjórnmálin. Þau ættu að vera kaup kaups: Þið gerið fyrst eitthvað fyrir okkur og svo styðjum við ykkur á eftir. Forystumenn samtaka þóttust geta boðið atkvæði almennra félagsmanna í samræmi við þetta.“



### Út með sprokið

Jón segist hafa tekið svona umleitunum illa og ekki hafi flokkurinn fengið mörg atkvæði úr því. Ef hér eru rekin félagasamtök sem bjóða stjórnmálaflokkum beinlínis atkvæði félagsmanna í skiptum fyrir greiða, er það háalvarlegt mál sem ber að upplýsa. Hér verður Jón að gjöra svo vel að nefna nöfn.



### Óstarfandi

Ráðning Haraldar Flosa Tryggvasonar saxófónleikara sem starfandi stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur leggst illa í Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð. Telja þau að með þessu verði skilin milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra óskýrari og það geti bitnað á eftirlitshlutverki þess fyrrnefnda. Dagur B. Eggertsson telur þetta þó ekki eiga við um Harald Flosa og bendir á að stjórnarformaðurinn sé „ekki starfandi heldur í fullu starfi“. Það fer trauðla vel saman að vera óstarfandi í fullu starfi.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Það sem verður ekki aftur tekið

Umferðaröryggi



Ragnheiður Davíðsdóttir
verkefnisstjóri átaks IOGT á Íslandi gegn ölvunarakstri

Árlega deyja að meðaltali fjórar manneskjur af völdum ölvunaraksturs – ýmist ökumenn eða farþegar og fjöldinn allur slasast alvarlega. Þótt lögreglan á Íslandi nái til 1.500-2.000 ökumanna sem stöðvaðir eru vegna gruns um ölvunarakstur, eru þeir mun fleiri sem sleppa við hið vökula auga löggæslunnar. Það sýnir sig þegar upp kemst um ölvunarakstur fyrir tilviljun.

Það sem vekur þó e.t.v. mestan ugg er sú staðreynd að nýlegar tölur sýna að 40% þeirra sem teknir eru vegna ölvunaraksturs mælast yfir svokölluðum efri mörkum sem eru 1,20 prómill eða meira. Samkvæmt lögum telst slíkt magn svo mikið að ökumaðurinn er talinn óhæfur til aksturs. Það þýðir með öðrum orðum að hundruð ökumanna eru á ferðinni meðal okkar – dauðadrukknir! Þessir ökumenn eru eins og tifandi tímasprengja og stórhættulegir saklausu fólki.

Nú stendur yfir HM í knattspyrnu og líklegt að margir fái sér neðan í því þegar horft er á knattspyrnuleiki, sérstaklega á svokölluðum sportklúbbum. Venjan virðist verða sú að menn koma á bílnum og hafa uppi góð fyrirheit um að geyma hann á staðnum til morguns og taka leigubíl heim. Sú góða viðleitni vill fara fyrir lítið þegar dómgreindin er skert vegna ölvunar og því verður freistingin skynseminni yfirsterkari. Ung stúlka kemur nú fram í auglýsingum IOGT gegn ölvunarakstri; 19 ára stúlka sem ók ölvuð, velti bíl og lamaðist. Hún ætlaði sér ekki að aka heim af ballinu en freistingin var of mikil. Sú ákvörðun hafði afgerandi áhrif á allt hennar líf.

Því miður er alltof algengt að fólk telji sér ekki koma það við ef einhver ætlar að aka af stað undir áhrifum áfengis. Sjálf þekki ég einstaklinga, úr starfi mínu á árum áður í lögreglunni, sem eiga þá ósk heitasta að hafa stoppað vin sinn áður en hann fór af stað á bílnum. Það er vissulega hægt að vera vitur eftirá og draga lærdóm af mistökum sínum – en það er engin leið að breyta því sem orðið er. Góð vinkona mín sem lamaðist vegna þess að hún gleymdi að spenna á sig bílbeltið segir gjarnan að hún vildi geta spólað til baka. En það er aðeins í tölvuleikjunum sem við getum farið á byrjunarreit þegar leikurinn endar með GAME OVER. Í daglega lífinu er raunveruleikinn annar og verri. Þar fáum við ekki annað tækifæri þegar heilinn er skaddaður eða mænan í sundur.

Ölvunarakstur er glæpur því þar hættir hinn ölvaði ekki aðeins eigin lífi og farþega sinna – heldur einnig allra annarra sem verða á vegi hans. Sýnum skynsemi – ökum ALLTAF allsgáð. Undantekningar eru ekki í boði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Dregið úr mengun jarðvarmavirkjana

jarðvarmamengun

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Nýverið tók gildi reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr mengun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum og mögulegum neikvæðum áhrifum hennar á heilsu fólks. Er þessi reglugerð fyrsta skrefið í áttina að því að draga úr mengun frá jarðvarmavirkjunum en styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur mælst mun meiri á höfuðborgarsvæðinu og í sveitarfélögum í nágrenni virkjunarinnar eftir að nýting jarðhita var aukin á Hellisheiðarsvæðinu.

### Varúðarreglunni fylgt

Umræðan um rétt einstaklings til heilnæms umhverfis hefur farið vaxandi síðustu áratugi og hefur sá réttur verið að vinna sér sess sem sjálfsögð mannréttindi. Stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, loftslags- og gæðastefna Reykjavíkurborgar og ákvæði í staðardagskrám sveitarfélaga, eru dæmi um þessa þróun og pólitískar áherslur um rétt einstaklinga og framtíðarkynslóða til heilnæms umhverfis. Þessi áhersla endurspeglast í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum sem byggir á meginreglum umhverfisréttar, svo sem varúðarreglunni og mengunarbótareglunni, eins og þær eru skilgreindar í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Varúðarreglan felur í sér skyldu m.a. stjórnvalda til að vernda umhverfið og grípa til viðeigandi ráðstafana ef hætta er talin á alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni. Reglan felur í sér aðgerðarskyldu til verndar umhverfinu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir vísindaleg fullvissa um að umhverfið muni verða fyrir tjóni. Umhverfið skal því fá að njóta vafans.

### Strangari reglur víða

Mörk Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um magn brennisteinsvetnis í andrúmsloftið eru 150 míkrógrömm í rúmmetra. Mörkin hafa verið sett með tilliti til bráðaáhrifa. Hins vegar tekur WHO sérstaklega fram að upplýsingar vanti um langtímaáhrif af lágum styrk. Óvissa ríkir því um heilsufarsáhrif af langvarandi innöndun brennisteinsvetnis. Í ljósi sérstakra aðstæðna hér á landi og þeirrar miklu nálægðar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins og nærliggjandi sveitarfélaga búa við jarðvarmavirkjanir, taldi ég nauðsynlegt að setja mörk um losun brennisteinsvetnis við 50 míkrógrömm í rúmmetra og ganga þar með lengra en mörk Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar segja til um. Víða hafa verið settar enn strangari mörk. Þannig eru mörkin í Finnlandi 11 míkrógrömm í rúmmetra. Í flestum fylkjum Bandaríkjanna eru mörkin einnig strangari en hér, t.d. á Hawaii sem einnig er eldfjallaland sem nýtir jarðhita. Einnig má benda á að í flestum löndum er löggjöf þannig háttað að fyrirtæki þurfa að hreinsa allt brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum.

> Í flestum fylkjum Bandaríkjanna eru mörkin einnig strangari en hér

### Almenningur njóti vafans

Við vitum að brennisteinsvetni getur haft áhrif á heilsu fólks, gróður og mannvirki, auk þess sem mikið hefur borist af kvörtunum frá almenningi vegna óþægindа sem stafa af sterkri lykt af brennisteinsvetni. Þótt þörf sé á frekari rannsóknum til að fullvissa liggi fyrir um áhrif mengunar frá jarðvarmavirkjunum þá eru hagsmunir almennings svo miklir að það réttlætir strangar reglur á þessu sviði. Enda er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum að almenningur fái notið vafans. Við Íslendingar viljum vera stolt af umhverfi okkar og hvernig hennar er aflað. Metnaðarfull mörk á magni brennisteinsvetnis í andrúmsloftinu eru nauðsynlegur hluti slíkrar stefnu.

# Nútímalegt Alþingi

Þingsköp

Siv Friðleifsdóttir
alþingismaður



Alþingi, löggjafarvaldið, er ein mikilvægasta stofnun réttarríkisins. Starfshættir Alþingis hafa verið mjög til umræðu og skoðunar meðal almennings á síðustu misserum, sérlega í kjölfar bankahrunsins. Umræðuhefð Alþingis hefur verið hluti af þeirri umfjöllun. Alþingismenn hafa líka margir kallað á nútímalegri vinnubrögð m.a. í ljósi nýrrar reynslu. Rétt væri að skipuleggja vinnu þingsins betur til að freista þess að auka traust almennings til Alþingis og bæta ásýnd þess.

Hér á Íslandi er umræðuhefð þingsins fyrir löngu orðin úrelt. Ekki er reynt að áætla hvað hver umræða taki mikinn tíma hverju sinni miðað við eðli mála. Greinarhöfundur hefur því lagt fram frumvarp á Alþingi til að bæta úr. Í frumvarpinu, sem tekur mið af reglum í norska Stórþinginu, er lagt til að áður en umræða hefst um mál á þingi getur forseti gert tillögu um hve umræðan skuli standa lengi.

Við upphaf 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur skal tillaga forseta um hve lengi umræðan má standa taka mið af óskum nefnda um heildartíma umræðu. Ekki mætti þó takmarka umræðu þ. a. hún stæði skemur en 3 klst. alls.

Tillögur forseta yrðu bornar umræðulaust undir atkvæði og réði afl atkvæða úrslitum. Í tillögu forseta yrði ræðutíma skipt jafnt á milli þingflokka að hluta og að hluta eftir þingmannafjölda þingflokks.

Umræða yrði þó ekki takmörkuð þegar fjallað er um frumvörp til fjárlaga og breytingar á stjórnarskrá.

Nefndir þingsins hafa getu og burði til að áætlað umræðutíma þannig að hvert mál fái næga og vandaða umfjöllun.

### Málþóf úrelt

Málþóf er aldagömul aðferð til að stöðva mál og á rætur sínar að rekja til Rómaveldis. Vinsældir þess eru litlar og tíðkast það aðeins í örfáum löndum í dag. Málþóf þekkist ekki hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Oftast er það stjórnarandstaða hvers tíma sem stundar málþóf. Engir íslensku stjórnmálaflokkanna eru hér undanskildir. Hafa þeir allir stundað málþóf í einhverjum mæli eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu í það sinnið.

Rökin fyrir málþófi eru að með því má skapa samningsaðstöðu í lok hverrar þinglotu þ.a. allir flokkar fái eitthvað fyrir sinn snúð. Þannig nái einstök mál fram að ganga eða ekki og þegar um slíkt hefur samist leggst málþófið niður. Hafa sumir reynt að færa rök fyrir því að málþóf sé eðlilegur hluti af lýðræðinu því þannig neyðist meirihlutinn til að taka tillit til minnihlutans. Slík rök vega ekki mjög þungt. Rök eru fyrir því að málþóf sé lýðræðinu heldur skaðlegra en hitt því það grefur undan trausti á Alþingi almennt.

Þingmenn hafa þó fært þau rök fram að málþóf sé ein fárra leiða sem stjórnarandstaðan hefur til að hafa áhrif á framgang mála á Alþingi, sérlega undir þinglokin. Til að koma til móts við þau sjónarmið og vegna frekar veikrar stöðu stjórnarandstöðu á Alþingi miðað við stöðu hennar í öðrum norrænum þjóðþingum, er rétt að samhliða þessari breytingu á þingsköpum væri staða stjórnarandstöðunnar styrkt t.d. með því að hluti formanna fastanefnda þingsins kæmi úr hennar röðum, minnihluti þingsins gæti knúið á um að umdeild mál færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og önnur slík atriði.

### Ferskir vindar

Í síðustu kosningum árið 2009 varð mesta endurnýjun þingmanna frá upphafi, en þá komu inn 27 nýir þingmenn, eða 43%. Í kosningunum 2007 komu 24 nýir þingmenn á þing og hefur því orðið meiri endurnýjun á Alþingi á tveimur árum en nokkru sinni í sögunni. Alls hafa því 42 þingmenn af 63, eða um 2/3 hlutar þingsins endurnýjast á skömmum tíma. Konur hlutu líka bestu kosningu frá upphafi og eru 43% þingmanna. Þessu fylgja ferskir vindar.

Margir hinna nýju þingmanna hafa gert eðlilegar kröfur um bætt vinnubrögð og að gefnar séu vinnuáætlanir sem standist dag frá degi. Þannig geti þingmenn undirbúið ræður sínar á Alþingi og áætlað tíma fyrir önnur verkefni s.s. störfum í kjördæmi, flokksstarfi og samveru með fjölskyldu. Nú er lag að bæta umræðuhefð Alþingis. Áætlum ræðutíma um mál og afnemum málþófið. Styrkjum samhliða stöðu stjórnarandstöðunnar til að skapa breiða sátt um afnám þess. Grípum tækifærið.

# Vituð ér enn…

Hrunið

Sverrir Hermannsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra



Menn þrætazt á um orsakir Hrunsins á Íslandi. Landsstjórnarmenn, sem aðalábyrgð bera, vísa gjarnan á heimskreppu í því sambandi og reyna með þeim hætti að villa um fyrir almenningi.

Fjármálaöngþveitið á Íslandi er heimatilbúið. Það á upphaflegar rætur sínar að rekja til kvótakerfisins og er frábæra lýsingu á þeim ófarnaði að finna í grein Guðmundar Andra Thorssonar í Fréttablaðinu 26. apríl sl. þar sem hann segir: „Óskköpin hófust með kvótakerfinu. Þá fylltist allt af peningum sem voru ekki til, frá mönnum sem höfðu aflað þeirra með því að selja það sem þeir áttu ekki: óveiddan fisk.“

Og nú biðja framsóknarmenn grátandi afsökunar á andvaraleysi sínu svo ekkasogin heyrast víða vegu.

Hinn 2. nóvember 1999 birtist í Morgunblaðinu grein eftir höfund þessa greinarkorns, sem hófst á eftirfarandi þremur málsgreinum: „Íslendingar standa nú andspænis spánnýjum köldum staðreyndum. Nýrri umturnan í fjármálakerfi þjóðarinnar, sem engan hefði órað fyrir í upphafi þessa áratugs. Byltingu, sem ná mun fullri fótfestu innan örfárra ára ef þjóðin uggir ekki að sér og veitir núverandi ráðamönnum áframhaldandi brautargengi.

Eignatilfærslan í þjóðfélaginu er með ógnarlegri hætti en orð fá lýst. Og allt undir falsyrðum um einkavæðingu, hagræðingu, frelsi til athafna og frjálsa samkeppni.

Lunginn úr þjóðarauðnum er afhentur örfáum mönnum gefins. Dæmi eru um að einu fyrirtæki hafi verið afhentar fiskveiðiheimildir fyrir 26.000.000.000.- tuttuguogsexþúsundmilljónirkróna – gefins. Þessir og aðrir gjafþegar ríkisvaldsins eru nú mættir með gripdeildina að kaupa fyrir banka og önnur verðmæti í eigu alþjóðar, sem stjórnvöldum eru nú útbær í anda frjálshyggjunnar – ógeðfelldustu auðhyggju, sem yfir þjóðir hefur riðið.“

Þess verður nú freistað um sinn að draga ábyrgðarmenn Hrunsins fram í dagsljósið og sýna fram á hvert hald afbrotamönnum er í andvaraleysiskjökri.

Eru bremsurnar í ólagi?

Eigum gott úrval af bremsuhlutum í **alla bandaríska bíla.** Eigum einnig bremsuhluti í evrópska og japanska jeppa **á frábæru verði. Gerðu verðsamanburð.**

**Hringdu í okkur í síma 590 2000.**






| | Grand Cherokee árg. 99-04 | Nissan Murano árg. 99-04 | Ford F-250 og F-350 árg. 99-04 | Dodge Grand Caravan árg. 01-08 | Chrysler PT-Cruiser árg. 01-10 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bremsuklossar að framan (f. bæði hjól) | kr. 7.990.- | kr. 7.990.- | kr. 9.990.- | kr. 6.990.- | kr. 5.990.- |
| Bremsuklossar að aftan (f. bæði hjól) | kr. 7.990.- | kr. 7.990.- | kr. 8.660.- | kr. 4.980.- | kr. 4.990.- |
| Diskar að framan (stk.) | kr. 7.990.- | Sérpöntun | kr. 13.990.- | kr. 7.490.- | kr. 7.490.- |
| Diskar að aftan (stk.) | kr. 6.990.- | Sérpöntun | kr. 11.990.- | kr. 6.990.- | kr. 4.980.- |
| Þéttisett fyrir eina dælu að framan | kr. 668.- | kr. 390.- | kr. 833.- | kr. 866.- | kr. 680.- |
| Þéttisett fyrir eina dælu að aftan | kr. 813.- | Sérpöntun | kr. 992.- | kr. 833.- | Sérpöntun |
| Stimpill í framdælu (stk.) | kr. 2.424.- | kr. 4.455.- | kr. 3.140.- | kr. 3.649.- | kr. 1.923.- |
| Stimpil í afturdælu (stk.) | kr. 1.923.- | Sérpöntun | kr. 2.942.- | kr. 2.142.- | Sérpöntun |
| Festisett fyrir klossa að framan | kr. 1.752.- | kr. 985.- | kr. 3.860.- | kr. 1.897.- | kr. 1.586.- |
| Festisett fyrir klossa að aftan | kr. 906.- | kr. 1.175.- | kr. 2.862.- | kr. 730.- | kr. 585.- |

Bílabúð Benna
Stofnað 1975
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

# Græða almennir lántakendur?

Gengislán

Íris Erlingsdóttir
fjölmiðlafræðingur



*Ég myndi telja það afskaplega ósanngjarna niðurstöðu ef samningsvextirnir verða látnir standa.“ Fráleit niðurstaða að myntkörfulánasamningarnir standi óbreyttir án gengistryggingar.”*

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um hin ólögmætu gengistryggðu lán, 25. júní, 2010.

*„Því miður bendir allt til þess að ekki sé hægt að snúa við þeim gjörningi stjórnar gamla Kaupþings að fella niður persónulegar ábyrgðir stjórnenda bankans á lánum [sem þeir fengu til hlutabréfakaupa].“*

Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra, á Alþingi 15. júní, 2009.

*„Það þarf að afskrifa einhverjar skuldir ... þannig að það eru einhverjir nýir eigendur sem fá fyrirtækið með lægri skuldum eða fyrrverandi eigendur geta komið með nýtt eigið fé – þá má svo sem semja við þá líka ... og ekkert sem bendir til annars en að það gangi nokkurn veginn upp.“*

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu, 20. mars 2009

Biblían lítur lánastarfsemi með peninga í hagnaðarskyni ekki hýrum augum (Deut. 23:30), og þessi fordæming bókarinnar góðu hefur lengi farið afskaplega í taugarnar á þeim sem hafa það verkefni með höndum að berja saman nútíma fjármálakerfi.

Þrátt fyrir að kirkjuyfirvöld hafi á endanum látið af bókstafstúlkun ákvæða þetta varðandi – sennilega fór það fyrir hjartað á þeim að sjá lánveitendur í hópi Gyðinga hagnast – var þeirri hugmynd haldið eftir að það að notfæra sér fátækt fólks væri ekki til þess fallið að skapa friðsælt þjóðfélag. Samkvæmt því var lánastarfsemi heimiluð, en aðeins gegn sanngjörnum gjöldum og ýmsar, uh, nýstárlegar, skulum við segja, innheimtuaðgerðir voru bannaðar.

Í mörgum löndum, t.d. hinum vestræna heimi utan Íslands, hefur – í anda sanngjarnrar samkeppni og með tilliti til neytendaverndar – sú venja skapast að setja föst vaxtastig á háar lánaupphæðir, eins og fasteigna- og bifreiðalán. Ef verðbólga er hærri en vaxtastigið hagnast lántakandinn; ef vaxtastigið reynist hins vegar mun hærra en verðbólga getur lántakandinn skuldbreytt á lægra vaxtastigi. Þar sem bankinn hefur flest spilin á hendinni – veðtryggingu, sérfræðiþekkingu, herdeildir af lögfræðingum og innheimtuaðila – þykir þetta aðeins sanngjarnt.

Á Íslandi er það hins vegar lögvernduð háttsemi að verðtryggja, eða verðbólgutengja, fasteigna- og bílalán – í reynd öll bankalán. Þetta leggur alla áhættuna af lántökunni á lántakandann og tryggir að bankinn getur aldrei tapað; bankinn mun aldrei þurfa að bera áhættu af láninu.

Neytendur eru ekkert sérstaklega hrifnir af þessu kerfi og eru reiðubúnir að leggja mikið á sig til að komast hjá því að tryggja stöðugt hagnað bankanna. Myntkörfulánin virtust bjóða upp á slíkan möguleika og meðan allt lék í lyndi fyrir hrun virtist þessi lánastarfsemi vera frábær leið til að stinga fingrinum framan í bankana.

En bankarnir komust ekki í núverandi stöðu með því að fremja handahófsgóðverk. Þó það ætti að hafa verið lögfræðingaherdeildum lánastofnana augljóst var þessi lánastarfsemi gróflega í andstöðu við ákvæði laga 38/2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Nú eftir að Hæstiréttur Íslands hefur bent á þennan óþægilega sannleika veit enginn hvað gera skal. Voru lánin ólögmæt ab initio? Ætti að breyta þeim frá byrjun? Á að skila veðtryggingunni sem tekin var af lántakendum í vanskilum? Á að krefjast endurgreiðslu illa fenginna lánatengdra gjalda og kostnaðar og ofgreiddra afborgana?

Hugmyndin um siðferðilega áhættu (e. moral hazard) á hér við á báða bóga. Lántakendur höfðu a.m.k. einhverja hugmynd um áhættuna sem þeir tóku; ekki var tryggt að gengið myndi alltaf vera þeim í hag. Á hinn bóginn voru lánastofnanir í algjörri yfirburðastöðu til að gera sér grein fyrir lögmæti – eða ólögmæti eins og nú er ljóst – þessara lána.

Þessi lán hafa valdið miklum vanda. Að létta áhættubyrðinni af lántakendum er skárri af tveimur vondum kostum í málinu. (Þykjustu)Sérfræðiþekking bankanna mátti og hefði átt að bjarga þeirra skinni. Og bankarnir eru í stöðu til þess að endurheimta tjón sitt af lögmönnum sem kvittuðu fyrir þessa lánastarfsemi, en neytendum standa engin önnur úrræði – að venju – til boða.

Ef bankar og lánastofnanir eru ekki neydd til að taka á sig eitthvað af áhættunni í fjárhagskerfinu, hafa þessir aðilar hvorki ástæðu né hvata til að tryggja að þeir hafi á sínum snærum skynsama ráðgjafa, þrói með sér skynsamlegar starfshætti, eða – mikilvægast af öllu – að þeir fari að lögum.

# Draumur Vigdísar

Alþjóðleg miðstöð tungumála

Ragnheiður Jónsdóttir
formaður STÍL



Fyrir þrjátíu árum kusu Íslendingar Vigdísi Finnbogadóttur til forseta, og sýndu með því eindæma víðsýni og sjálfstæði gagnvart hefðinni, sem verið hefur öðrum þjóðum fyrirmynd æ síðan. Við höfum gjarnan talið okkur stolta þjóð, hreykna af náttúru okkar og sögu, en flest það sem við erum stoltust af hlotnaðist okkur ekki fyrir eigin tilverknað. Sjálf hef ég gert mér grein fyrir því að sá gjörningur sem við Íslendingar höfum afrekað á minni fimmtíu ára ævi og ég er stoltust af er einmitt sú staðreynd að við kusum Vigdísi til forseta árið 1980.

Sem formaður STÍL, samtaka tungumálakennara á Íslandi, hefur mér hlotnast sú ánægja að kynnast Vigdísi örlítið betur, enda var hún frönskukennari áður en hún sinnti þeim störfum sem hún hefur síðan verið þekktust fyrir. Þessi kynni hafa leitt huga minn að þeirri gæfu sem kosning hennar veitti íslenskri þjóð enda er Vigdís sístarfandi í þágu almannaheilla innanlands og erlendis, þótt hún hafi fyrir löngu látið formlega af embætti forseta Íslands.

Fyrir skemmstu var haldin hér á landi alþjóðleg námstefna tungumálakennara á vegum STÍL, og var Vigdís bæði verndari námstefnunnar og virkur þátttakandi. Þar eins og annars staðar vakti Vigdís aðdáun nærstaddra, enda alþýðleg, síkvik og virk, með brennandi áhuga á málefninu.

Tungumálin eru einmitt meðal þeirra málefna sem Vigdís hefur talað fyrir alla tíð, og slær hún ekki slöku við nú þótt hún hafi fagnað virðulegu afmæli nýlega. Hún er meðal annars velgjörðasendiherra tungumála hjá Sameinuðu þjóðunum og vinnur ötullega að skilningi og umburðarlyndi milli menningarheima.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í tungumálum er nú til húsa í nokkrum herbergjum í Gimli, hugvísindahúsi á háskólalóðinni. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum dreymir Vigdísi um sérstakt hús fyrir stofnunina, sem myndi hýsa alþjóðlega miðstöð tungumála. Þarna liggi vannýtt sóknarfæri fyrir þjóðina og hún er sannfærð um að þetta verði svo spennandi að það verði eitt af aðdráttarefnunum fyrir Ísland.

Í nýlegu viðtali í Málfríði, tímariti samtaka tungumálakennara, lýsir Vigdís tungumálamiðstöðinni nánar: Hún sér fyrir sér miðstöð sem myndi þjóna jafnt fræðimennsku og almenningi:

þar sem gæti að líta sýningu á því hvernig heiminum er margskipt eftir að drottinn skipti heiminum í Babelturninum. Það er kjörið að hafa þetta á Íslandi af því að Ísland er stikla milli heimsálfa og liggur mitt úti í Atlantshafi. Og hér er talað elsta tungumál í Evrópu. Kærleikur okkar til eigin tungu birtist í því hvernig við varðveitum íslenskuna af höfðingsbrag, þar liggur gullþráðurinn í okkur sjálfum. Hin tungumálin eru tæki okkar til að tengjast heiminum. Sama hvaða tungumál við lærum þá tengjumst við öðrum menningarheimum, talandi fólki á öðrum svæðum.

Það er búið að taka frá reit á háskólalóðinni fyrir þessa byggingu, og undirbúningur var kominn á gott skrið þegar við stóðum uppi varnarlaus gagnvart ógæfunni og fjármálaákefðinni (Málfríður, 1. tbl. 26.árg. apríl 2010)

Í draumi Vigdísar birtist frjó, stórhuga sýn, sem lýsir óbilandi trú á framtíð þjóðarinnar í samskiptum og samhengi við aðrar þjóðir heims. Nú gefst okkur, þjóðinni sem hún hefur þjónað í áratugi, tækifæri til að hugsa stórt með Vigdísi og nýta sóknarfærið sem hún hefur lagt upp fyrir okkur. Nú er komið að okkur að sýna hvað í okkur býr, þjóðinni sem hafði víðsýni til að bera til að kjósa hana til forseta fyrir þrjátíu árum síðan, að finna leiðir til að láta draum Vigdísar Finnbogadóttur um alþjóðlega miðstöð tungumála á Íslandi verða að veruleika.




# Öruggar strandveiðar

Öryggi sjómanna

Hilmar Snorrason
skólastjóri Slysvarnaskóla sjómanna



Útkall –F2-Gulur – bátur vélarvana“ eða „Útkall –F2-Gulur – bátur dottinn út úr tilkynningaskyldu“ eru útköll sem björgunaraðilar hafa fengið í vaxandi mæli eftir að vora tók. Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, skipa- og flugfloti Landhelgisgæslunnar sem og skip og bátar á viðkomandi svæðum fara þegar til aðstoðar eða leitar að viðkomandi bátum. Halda menn ekki aftur til hafnar fyrr en vandamálið hefur verið leyst og hafa þá margir tugir manna komið að lausn málanna hverju sinni. Björgunaraðilar á Íslandi hafa aldrei talið það eftir sér að fara til aðstoðar eða leitar og geta sjómenn þakkað það fórnfúsa starf sem allir þessir aðilar fara í hvenær sem kall berst.

Það er sannarlega áhyggjuefni þegar mikil aukning verður á útköllum sem þessum og er ekki laust við að unnt sé að tengja þetta við hinar svokölluðu strandveiðar. Margir bátar, sem ekki hafa haldið út til veiða til margra ára, láta nú úr höfn en þrátt fyrir ítarlegar skoðanir sem bátarnir fara í gegnum til að öðlast haffæri bila hlutir þegar á þá fer að reyna að einhverju ráði sökum notkunarleysis.

Nú er annað árið í strandveiðum hafið og er stórum flota smábáta róið til að ná að landi þeim 6.000 tonnum sem heimilt er að veiða. Afli sem ekki skiptist niður á einstaka báta heldur „fyrstur kemur – fyrstur fær“ upp að 650 kg í hverri veiðiferð. Því til viðbótar fá menn aðeins að sækja þennan afla frá mánudögum til og með fimmtudaga. Af þessu má því ráða að óneitanlega keppast menn við að komast sem fyrst í veiði, áður en aflamagn viðkomandi svæðis klárast, og því hætta á að menn freistist m.a. til að leggja af stað þótt veður geti verið hryssingslegt fyrir viðkomandi bátastærð.

Einn viðmælandi minn, sem þjónustar stóran hluta þessa strandveiðiflota, hafði á orði við mig að innan um í þessum hópi væru einstaklingar sem lítið eða ekkert hefðu komið nálægt veiðum sem þessum og er það sannarlega mikið áhyggjuefni. Engum er þó heimilt að fara til veiða nema með réttindi til stjórnar viðkomandi bát sem og lágmarksþekkingu á vélbúnaði. Þrátt fyrir að slík menntun sé til staðar gætu hafa liðið tugir ára síðan þeirra réttinda var aflað og þau í raun aldrei verið notuð til sjós. Þar sem ekki er lögskráð á þessa báta falla þeir utan við þá kröfu að þeir sem um borð eru hafi sótt öryggisfræðslu og að hún sé eigi eldri en fimm ára. Það er afar mikilvægt í eins hættulegu umhverfi sem sjórinn er að þeir sem hann stundi hafi sem fyllstu þekkingu á þeim hættum sem þar leynast og hvernig menn eigi að bera sig að ef óhöpp henda. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni allra þeirra sem eru vakandi yfir öryggi þessa flota.

Alþingi hefur nýlega samþykkt ný lögskráningalög sjómanna sem munu taka gildi 1. nóvember nk. Þá munu lögin ná til allra skráningaskyldra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni en fram til þessa náðu lögin einungis til skipa yfir 20 brúttótonnum. Strandveiðiflotinn er nánast allur undir þessum mörkum. Í lögskráningalögunum er lögð öryggisfræðsluskylda á alla þá sem lögin ná til og mun því sú krafa ná til strandveiðiflotans frá og með næsta úthaldi. Og meira kemur til því endurmenntunar er einnig krafist og þá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þeir sem þar af leiðandi hafa áður sótt námskeið við Slysavarnaskóla sjómanna þurfa þá að sækja endurmenntun í öryggisfræðslu hafi liðið lengri tími en fimm ár frá námskeiði. Öryggisfræðsla sjómanna hefur sannarlega sýnt hversu mikilvægur þáttur hún er í daglegu lífi sjómannsins. Með tilkomu hennar fækkaði banaslysum sem og öðrum slysum umtalsvert og þeir eru ófáir sjómennirnir sem hafa lýst því í kjölfar atvika að sú þekking hafi bjargað lífi þeirra á neyðarstundu.

Samkvæmt vef Fiskistofu sóttu 469 bátar veiðar í strandveiðikerfinu í maí og í júní voru þeir komnir í 615. Það er ljóst að mikill fjöldi manna, sem ekki eru á sjó að staðaldri, verða á sjó í sumar og því mikilvægt að þeir hafi öryggið í fyrsta sæti. Veður eru válynd við Íslandsstrendur jafnvel yfir sumarmánuðina og því til viðbótar er sjávarhitinn á bilinu 6 til 12° á Celsíus. Örlítið aðgæsluleysi getur því reynst afdrifaríkt. Beini ég því til strandveiðisjómanna að huga vel að viðhaldi og eftirliti með vélbúnaði, sækja sér menntun og kunnáttu í meðferð báta og öryggisbúnaðar sem og að gæta ýtrustu varkárni við sjósókn jafnvel þótt sumarveðráttan eigi að vera sú besta sem völ er á. En síðast og ekki síst að muna eftir tilkynningaskyldu íslenskra skipa og hafa hlustvörslu á rás 16 meðan á sjóferð stendur. Stundum öruggar strandveiðar við Íslandsstrendur.



**KAJAKFERÐIR** býður upp á ferðir um lón einnar fegurstu fjöru á Íslandi og vatnasvæðið vestan byggðarinnar á Stokkseyri. Sjá www.kajakferdir.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Hinrik Ólason rakaði af sér hárið og augabrúnirnar og gerðist munkur í mánuð í Taílandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gerðist munkur í mánuð

**Hinrik Ólason, flokksstjóri í unglingavinnunni á Akureyri, dvaldi um tíu og hálfs mánaðar skeið í Taílandi sem skiptinemi. Hinrik er óhræddur við að prófa nýja hluti og kynntist meðal annars klausturlífi munka.**

„Ég er algjör reynslufíkill og vil prófa eitthvað nýtt og spennandi en það var líka góð reynsla að kynnast andlegu hliðinni á lífinu,“ segir Hinrik Ólason sem dvaldi í tæpt ár í Suður-Taílandi í bænum Hat Yai. Undir lok dvalarinnar kynntist hann lífi munka af eigin raun.

„Það var fyrir tilviljun en tveir munkar héldu fyrirlestur um búddisma í skólanum. Ég fór að spjalla við þá um lífið og tilveruna og upplifði þá í fyrsta skipti á ævinni að hamingjan kemur innan frá. Þessir menn áttu ekkert nema upplitaðan dúk sem þeir vöfðu um sig og höfðu ekki verið með kvenmanni í tugi ára. Samt hlógu þeir eins og vitleysingar og reyttu af sér brandarana! Það endaði með því að annar þeirra bauð mér að gerast lærisveinn sinn. Ég sló bara til og rakaði af mér allt hárið og augabrúnirnar,“ segir Hinrik, sem gekk í gegnum vígsluathöfn, lærði bænir á fornindversku og gerðist í raun munkur í mánuð.

„Við sváfum á beru steingólfinu með flugnanet yfir okkur í klaustrinu. Dagurinn byrjaði klukkan 4 með kaldri sturtu, svo tók við bænastund. Eftir það fórum við ölmusugöngu en Taílendingar vilja gefa munkunum mat til að öðlast gott karma. Það var sterk upplifun að sjá fólkið koma út úr litlum kofum, eigandi enga peninga og gefa okkur af matnum sínum í trú á eitthvað gott.“ Hinrik borðaði aðeins ávexti í klaustrinu og fastaði hálfan daginn. Hann segir sér þó ekki hafa orðið meint af. „Ég var auðvitað aðeins sjúskaður þegar ég kom heim en aldrei þreyttur eða veikur. Svo var ég fljótur að ná mér aftur upp með skyri og rjóma þegar ég kom heim.“

En hefur Hinrik haldið munkalífinu áfram heima á Íslandi?
„Nei, ég er ekki munkur í dag. Ég lifi ekki skírlífi eða neitt þannig,“ segir hann hlæjandi. Hann reiknar með því að heimsækja Taíland aftur við tækifæri og heldur sambandi gegnum netið. „Munkurinn sem ég var lærisveinn hjá er til dæmis á Facebook. Ég spjalla reglulega við hann og á örugglega eftir að heimsækja Taíland aftur.“

*heida@frettabladid.is*



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS** stendur fyrir gönguferðum um Laugaveginn í sumar, sem er ein vinsælasta gönguleið landsins. Nánari upplýsingar á www.fi.is.


VAR AÐ KOMA Í HÚS: HVÍTIR BH



Sérstaklega glæsilegir í B, C, D, DD, E, F, FF, G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur




Göngur efla þol fólks og auka brennslu, sérstaklega þegar gengið er í hæðóttu landi. Eftir þær er svo nauðsynlegt að gera teygjuæfingar líkt og eftir aðra íþróttaástundun.

www.gongur.is



Magnús segir nægilegt framboð golfvalla á Íslandi fyrir Íslendinga sem og erlenda ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Áhugi eykst í útlöndum

**Útlendingar eru að uppgötva Ísland sem áhugaverðan golfferðastað. Breska dagblaðið Daily Mirror fjallaði um miðnæturmótið á Akureyri í lok síðustu viku og erlendir söluaðilar golfferða eru nú á landinu.**

„Áhugi á að spila golf hér á landi er stöðugt að aukast," segir Magnús Oddsson, stjórnarformaður Golf Iceland, samtaka sem hafa það að markmiði að kynna golf á Íslandi fyrir erlendum kylfingum. Erlendir golfblaðamenn og söluaðilar golfferða eru nú staddir á landinu til að kynna sér íslenskt golf og Daily Mirror fjallaði um miðnæturmótið á Akureyri í lok síðustu viku.

„Á þessu ári hafa tæplega fimmtán nýjar erlendar ferðaskrifstofur sett íslenskt golf í sölu," segir Magnús og er það um tvöföldun frá því í fyrra. Magnús segir að erlendum kylfingum fjölgi í hlutfalli við það. Hann segir að bakslag hafi þó komið í söluna í kjölfar eldgossins og hundruð golfara hafi afpantað ferðir. „Síðan er það að koma aftur núna. Hér eru að koma nýir hópar í staðinn."

Golf Iceland var stofnað árið 2008 með það að markmiði að kynna golf á Íslandi fyrir erlendum kylfingum. Á síðasta ári urðu samtökin aðili að IAGTO sem eru alþjóðasamtök ferðaþjónustuaðila í golfi. Erlendu blaðamennirnir og söluaðilarnir koma til landsins vegna þessa samstarfs og eru þetta aðilar meðal annars frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi.

Inntur eftir því hvort framboð golfvalla á Íslandi sé nægilegt fyrir íslenska markaðinn og þann erlenda segir Magnús: „Margir hafa velt þessu fyrir sér. Sannleikurinn er sá að erlendir kylfingar eru tilbúnir til að spila á öðrum tíma heldur en Íslendingarnir. Þeir spila á morgnana og fara í miðnæturgolf," upplýsir Magnús og heldur áfram: „Svo er framboð utan Reykjavíkursvæðisins líka strax mun meira en eftirspurn."

Magnús segir íslenska golfvelli heilla útlendinga vegna náttúrufegurðarinnar. „Við eigum hraunvelli með jöklasýn, út við Atlantshafið og inni í íslensku landslagi. Vellirnir eru svo aðlagaðir landslagi á Íslandi sem við höfum umfram mörg önnur lönd," útskýrir Magnús og bætir við að miðnæturgolf höfði einnig sterklega til útlendinga. Nic Brook, blaðamaður Daily Mirror, klykkir enda út með því að miðnæturmótið á Akureyri sé einn svalasti viðburður sem hann muni taka þátt í og að hann ætli auðvitað koma aftur til landsins.

*martaf@frettabladid.is*


**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905











**Við getum nú boðið hinar fallegu miðalda og menningaborgir Tallinn og Ríga á ótrúlegum kjörum í beinu flugi frá Keflavík**

**Brottfarir til Tallinn í Eistlandi:**
12.- 20 júli, 12.-16 júlí,
16.- 20. júlí
**Flug með skatti 34.990** kr.
fá sæti laus
**Flug og hótel**
12.-16. júlí og 16.-20 júli
**52.310** kr. per mann í 2ja manna herbergi.
12. -20 júli, flug og hótel
**69.900** kr. per mann.
fá sæti laus



**Brottför til Riga i Lettlandi:**
**Flug með skatti 32.990**. kr.
17.- 22. ágúst, 2 sæti laus
**Flug og hótel, rúta, fararstjóri**
**63.900** kr. per mann.
16.- 24. ágúst, laus sæti
**Flug og hótel, rúta, fararstjóri**
**64.900** kr. per mann.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is






SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

**Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi**



**FYRIRSÆTA** sýnir glæsilegan fatnað á tískusýningu sem haldin var í Súdan í síðustu viku, þeirri fyrstu í landinu þar sem fyrirsætur af báðum kynjum koma fram.



# Geimfarar í jakkafötum

**Tískuhönnuðurinn Thom Browne tjaldaði öllu til þegar hann sýndi vor- og sumarlínu karla 2011 í París, þar sem geimbúningar, tvíhnepptir jakkar og Bermúdabuxur eru á meðal þess sem kom við sögu.**

Fatahönnuðurinn Thom Browne hélt á dögunum sýningu á vor- og sumarlínu karla 2011 í París og brást ekki bogalistin frekar en endranær.

Sýningin hófst með látum þegar fyrirsætur Browne þrömmuðu hver á fætur annarri inn í salinn í geimfarabúningum, þar til þær höfðu stillt sér upp fyrir framan gestina og vippuðu sér þá fimlega úr búningunum. Kom þá í ljós að innan undir klæddust þær tvíhnepptum jökkum, Bermúdabuxum og hnéháum sokkum.

Uppátækið kom mörgum í opna skjöldu en féll þó engu síður í kramið, þar sem fatnaðurinn þótti með eindæmum smekklegur auk þess sem því er spáð að með línunni muni Browne höfða betur til almennings en oft áður.

*roald@frettabladid.is.*



Fyrirsæturnar byrjuðu á því að þramma inn í geimbúningum og stilla sér upp fyrir framan sýningargesti.

NORDICPHOTOS/AFP

Grátt og beislitað var áberandi á sýningunni en inn á milli mátti sjá glaðlegri liti.

Innan undir geimbúningnum klæddust fyrirsæturnar tvíhnepptum jökkum, Bermúdabuxum og hnéháum sokkum.

Brown hélt geimvísindaþemanu í gegnum sýninguna, eins og mátti meðal annars sjá á sérkennilegri förðun og strípum.

Konur fóru fyrst að klæðast hönskum til skrauts á 9. öld. Til voru klæðskerar sem sérhæfðu sig í gerð hanska og til voru margar gerðir af hönskum úr dýrindis efnum sem þóttu konungleg gjöf.



**Tíska aldanna**


BASLER



ÚTSALA ÚTSALA

Gæðafatnaður frá Þýskalandi. Stærðir 36-48

Parísar TÍZKAN Tízkuhús, stofnsett 1963

Basler • Skipholti 29b • S. 551 0770



ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL.10

-40%

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

eva

Laugavegi 89 | www.ntc.is

Malene Birger | DKNY | Gerard Darel | Kristensen Du Nord | Hartford | Free Lance | Strategia

**ÞESSIR SKÓR** frá Fendi voru á meðal þess sem sýnt var á barnafatasýningunni Pitti Immagine Bimbo í Flórens á á dögunum.




Útsalan hefst í dag
30-70%
af öllum vörum
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17




Menn hafa notað sandala í að minnsta kosti 10.000 ár og voru þeir meðal annars algengir á tímum Grikkja og Egypta til forna. Í dag eru sandalar vinsæll skófatnaður á sumrin.

www.wikipedia.org


ALLT
ÚT AÐ BORÐA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447


# Landvinningar á háum hælum

**Skvísulegir hælaskór Gyðju Collection hafa slegið í gegn meðal fagurra kvenna og margra af frægustu skutlum heims. Enn bætast við nýir landvinningar því merkið fer nú í verslanir á Bretlandseyjum.**

„Enginn árstími á Íslandi býður jafn mikið upp á opna skó og háa hæla eins og sumarið gerir og Gyðja býður konum fullkomna sumarskó, hvort sem þær vilja klæða sig upp í fallegum sumarkjól og opnum bandaskóm eða þröngum gallabuxum og fallegum pinnahælum við," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og eigandi Gyðju Collection, spurð um skótísku fyrirtækisins þegar sumarsól kyssir íslenskar konur og þær vilja skarta sínu fegursta.

„Við höfum fundið mjög sterk viðbrögð frá áhugasömum konum sem vilja poppa upp glamúrinn í anda Sex and the City-kvenna eftir að myndin fór í sýningu, en hún er að mínu mati ein stór tískusýning á háum hælum, opnum skóm og áberandi fallegum fylgihlutum," segir Sigrún sem senn setur fram nýja haustlínu Gyðju Collection í verslanir hérlendis og er sífellt að leggja undir sig nýja markaði með skóm sínum og fylgihlutum sem frægustu glamúrskvísur veraldar skarta á síðum heimsblaðanna.



Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, skóhönnuður og framkvæmdastjóri Gyðju Collection. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum alltaf að bæta við teymið okkar og nú að klára samning við stóran dreifingaraðila á Bretlandi. Ég hafði ekki gefið Bretlandi sérstakan gaum þar sem áherslan hefur verið á Bandaríkin, en þegar þessir aðilar sóttust eftir leyfi fyrir sölu og dreifingu ákvað ég að skoða þann markað aðeins nánar og leyfa þeim að spreyta sig, ekki síst þar sem þeir hafa víðtæka reynslu og góðar tengingar inn á breska markaðinn. Svona aðilar skoða merki mjög vel áður en þeir taka að sér að selja og dreifa vörum, en árangurinn verður að koma í ljós. Ef viðbrögð verða góð munum við eyða smá púðri í markaðssetningu þar líka, því viðbrögð hafa ekki látið á sér standa í Bandaríkjunum þar sem við höfum þegar hafið markaðssetningu og sölu við fádæma undirtektir."



Platformskór með opinni tá eru vinsælir í sumar. Þessi týpa Gyðju er poppuð upp með kristöllum og áberandi hæl.



Pinnahælar Gyðju úr snákaskinni eru einstaklega flottir við þröngar gallabuxur og nude-litur fer sólbrúnum leggjum sérstaklega vel.

Sigrún segir haustlínu Gyðju Collection verða áfram með áherslu á hælaskó, kristalla og áberandi glamúr, en helsta nýjungin, ásamt nýjum og glæsilegum sniðum, verði vörur úr íslensku fiskroði sem vakið hefur mikla lukku.

„Íslenska roðið er einstaklega slitsterkt og gott hráefni, og því mjög góð viðbót við línuna, en hingað til höfum við aðallega notað snákaskinn, hrosshár og kálfaskinn. Við höfum líka hafið þróun á glænýrri Gyðju-vörutegund sem við munum hefja sölu á í haust, en það er spánný heildarhugmynd sem lofar mjög góðu. Því miður er fullsnemmt að ljóstra upp leyndarmálinu til fulls, en þetta er nýjung sem ekkert íslenskt fyrirtæki hefur gert áður og alveg ný vörutegund hjá Gyðju; hvorki skór, töskur né belti. Ég er því vægast sagt spennt yfir þessari nýjung og afar spennandi tímar fram undan bæði hérlendis og erlendis, en við gerum okkur vonir um að þetta muni hafa mjög góð áhrif á markaðssetningu merkisins erlendis."

thordis@frettabladid.is



Bandaskór eru eins og skartgripur á fæti og sjóðheitir við sumarkjóla og stutt pils.


ÚTSALAN ER HAFIN
Full búð af nýjum sumarvörum





30 %-70 %
afsláttur af öllum vörum
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# jaðarsport

MIÐVIKUDAGUR 30. JÚNÍ 2010


## Fyrir íslenskar aðstæður

**Valdimar Thorlacius er frumkvöðull í smíði brimbretta á Íslandi.**

SÍÐA 3






FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

SAMSUNG

EC-ES60

12.2 milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS
(Digital Image Stabilization)
Face detection

Verð: 22.900 kr.



SAMSUNG

HMX-U10

Háskerpu videó upptökuvél & ljósmyndavél



Full HD Video upptaka (1920 x 1080 @30p)
2" LCD snerti skjár / 10 milljón pixla ljósmyndun (Full HD)
34 x Optical Zoom
Verð: 39.900 kr.

SAMSUNG

Hágæða videó upptökuvél



Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7" LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort
Verð: 44.900 kr.

ORMSSON

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is

VERSLANIR UM LAND ALLT



● **HEIMASÍÐA TILEINKUÐ JAÐARSPORTI** Hrollur.is er heimasíða sem hefur að geyma alls kyns myndbönd sem tengjast jaðarsporti, svo sem bílasporti, vatnasporti, hjólum, sleðum og brettum og geta notendur vefsíðunnar sjálfir sett inn myndbönd.



● **HAFRAGRAUTURINN 2010** Hafragrauturinn 2010 er svifvængjakeppni sem fer fram í Hafrafelli við Hafravatn laugardaginn 3. júlí. Þá fara svifvængjaflugmenn í grímubúninga og keppa í marklendingum, en búningar telja nánast fleiri stig en lendingarnar og verðlaun verða veitt fyrir besta búninginn.

Dagskrá hefst klukkan 11 og stendur fram eftir degi, en síðdegis verður kveikt upp í grillinu fyrir gesti og gangandi.

Mótið er kjörið fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í sportinu og bæði nýir flugmenn og lengra komnir eru hvattir til að sameinast í Hafrafellinu og gera sér glaðan dag á þessari skemmtilegu hátíð. Þá er öllum áhugasömum velkomið að sækja Hafragrautinn og fylgjast með því sem fyrir augu ber.









**Landbretti er eitt af nýrri jaðarsportum á Íslandi og enn stundað af mjög fámennu samfélagi, en ætti að höfða til fólks á öllum aldri.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Að sögn Þorra er hægt að nota landbretti við ýmsar aðstæður allt árið um kring.**



**Þorri Gestssion fjallabrettamaður hefur stundað landbretti undanfarin þrjú ár.**

# Brjálað en bara gaman

**Hefurðu heyrt um landbretti? Með þeim rúllarðu niður fjöll eða sendnar fjörur með dreka.**

„Við erum búnir að húrra niður öll fjöll fyrir vestan og maður er búinn að detta oft, en auðvitað byrjar maður smátt áður en maður æðir á fullri ferð út í brjálæðið,“ segir Þorri Gestsson fjallabrettamaður sem stundað hefur landbretti undanfarin þrjú ár.

„Landbretti eru tiltölulega stór um sig, með sjálfstæða fjöðrun og stórum „muddaradekkjum“, ekki ósvipað breyttum fólksbíl á stórum dekkjum. Við félagarnir sáum þetta auglýst og ákváðum að prófa, og höfum síðan látið okkur bruna allt sem við höfum komist á brettunum, en mest fer hraðinn upp í 30 til 40 kílómetra á klukkustund,“ segir Þorri og vísar til félaga síns Eyjólfs R. Bjarnasonar en saman reka þeir vefverslunina Vindsport þar sem kaupa má landbretti.

„Landbretti eru oft notuð með stórum flugdrekum, allt að tíu fermetrum, sem draga þau áfram. Það sport hentar öllum, frá ömmu og afa niður í litla krakka. Það er hins vegar ekki allra að láta sig húrra niður fjallshlíðar og þeir sem aðhyllast slíkt sport hafa oftast staðið á hjólabretti áður, en byrja hægt á litlum hólum áður en þeir fara hærra og í harkalegra undirlag,“ segir Þorri.

Hann segir landbretti með dreka fjölskylduvæna íþrótt. „Útbúnaðinn má fá í öllum stærðum og gerðum, og ákaflega gaman að fara sem hópur og láta vindinn tosa sig áfram,“ segir Þorri, en þegar vindur togar dreka áfram leggst brettamaður á móti drekanum til að halda jafnvægi.

„Töfrar flugdrekans felast í afli hans, en fólk gerir sér ekki grein fyrir þeim kröftum. Þetta er algjörlega umhverfisvænt sport og með ólíkindum hversu fáir stunda það miðað við þann fjölda sem brennir bensíni og mótorum í snjósporti. Með dreka fyrir brettinu er maður miklu frjálsari, og vindurinn ræður engu því fullkomin stjórn er á bæði brettinu og drekanum,“ segir Þorri.

Samfélag land-, sjó- og snjódrekamanna hérlendis telur færri en fingur beggja handa. „Þetta er svo nýtt sport að fáir vita af þessu, en ætti hiklaust að vera útbreiddara því þetta er frábærlega gaman. Íslendingar eiga nóg af fjöllum til að æfa sig í og fjörur, því best er að hafa undirlag landbretta mjúkt og þétt. Því sé ég ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar eignist stóran hóp hæfileikafólks sem keppt gæti á landbrettum við þá bestu úti í heimi.“

Þeir sem vilja prófa landbretti geta haft samband við Þorra á thorri@vindsport.is. *- þlg*

# Aðstöðuleysið er vandamál

Anton Örn Arnarson, 19 ára hjólakappi, segir BMX-hjólamenninguna vaxandi á Íslandi. BMX-samband Íslands telur um 30 manns á bilinu 14 til 25 ára sem eru allir virkir.

„Hópurinn er alltaf að stækka. Við vorum með sýningu í Ráðhúsinu og Smáralindinni. Ætlunin er að félagið geti haft tekjur af því að halda keppnir til að byggja æfingaaðstöðu,“ segir Anton en aðstöðuleysi hrjáir BMX-hópinn. Þeir rampar sem víða er að finna eru of litlir fyrir BMX og hópurinn hefur ekki fengið inni í Héðinshúsi á vegum ÍTR. „Við notum tröppur og veggi og aðstöðuna í 88 húsinu í Keflavík,“ segir Anton og bætir við að aðstöðuleysi hamli þátttöku erlendis. „Stefnan er að taka þátt í áhugamannakeppnum,“ segir Anton sem er með styrktaraðila. „GP gaf mér hjól og Mow Hawks-fatnað frá DC og Ölgerðin hefur styrkt mig. Svo verða myndbönd af mér send til DC til að sjá hvað þeir segja. Frábært væri að keppa úti.“ *- rat*



**Anton Örn Arnarson BMX-hjólakappi stefnir á að taka þátt í áhugamannakeppnum erlendis. Mynd af stökkum hans má skoða á www.vimeo.com/anton.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Smíðuð fyrir íslenskar öldur og aðstæður

**Valdimar Thorlacius smíðar brimbretti í frístundum sínum. Hann er frumkvöðull í smíði brimbretta sem ætluð eru til notkunar á Íslandi.**



Valdimar fór til Kaliforníu að kynna sér brimbrettasmíði. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ég hef verið að smíða brimbrettin fyrir ferðafyrirtæki í Hveragerði og fyrir félaga mína,“ segir Valdimar Thorlacius sem hefur verið að smíða brimbretti í frístundum sínum eftir pöntunum. Valdimar er sá eini sem smíðar brimbretti á Íslandi í dag.

Valdimar segist taka mið af íslenskum aðstæðum við smíði brimbrettanna. „Þau eru hönnuð fyrir brimbrettaiðkun hérna heima. Ég tek mið af öldunum og þeim aðstæðum sem eru hérna,“ segir Valdimar en mismunur hönnunar bretta felst aðallega í ölduhæð sjávarins á brimbrettaiðkunarstaðnum.

Inntur eftir því af hverju hann hafi byrjað smíðina segir hann: „Bara áhugi. Það vantar bretti hérna heima. Mig vantaði bretti og það er of dýrt að flytja þau inn og ég hafði tækifæri til að smíða þau þannig að ég ákvað bara að byrja á því.“

Valdimar smíðar brettin frá grunni og þau eru gerð úr einangrunarplasti. „Ég hef farið út til Kaliforníu og kynnt mér smíði brimbretta í verksmiðju þar. Ég skoðaði aðferðirnar hjá þeim,“ segir Valdimar sem lagði í það ferðalag fyrir um ári. Hann segir að það þurfi enga sérstaka menntun til smíði brimbretta. „Ég hef bara verið að vinna við smíði í mörg ár.“

Valdimar annar eftirspurn eins og er. En hefurðu áhuga á því að leggja þetta fyrir þig? „Já, það væri gaman. Ég myndi alveg endilega vilja flytja brettin út og stækka framleiðsluna ef það er hægt.“ *- mmf*



Valdimar Thorlacius er eini brimbrettasmiður Íslands í dag.



● **KLIFURMARAÞON Á HNAPPAVÖLLUM** Klifurhúsið stendur fyrir svokölluðu Hnappavallamaraþoni í klifri dagana 9.-11. júlí á Hnappavöllum í Öræfasveit. Keppt verður í parakeppnum undir þemanu Gettóblaster. Keppendur koma með sína eigin tónlist sem ætlunin er að spila á fullum styrk meðan á keppni stendur og gefin verða stig fyrir bæði klifur og tónlist. Keppendur þurfa að koma með eigin búnað og er einhverrar reynslu krafist til að geta tekið þátt. Þátttökugjald er 1.000 krónur og er innifalið í því kvöldmatur og heitt kakó. Keppnin hefst klukkan 9 að morgni og klifrað verður til klukkan 21.21. Eftir það tekur við heimsmeistarakeppni í veiðimanni.

Um fimm tíma tekur að keyra frá Reykjavík að Hnappavöllum og eru keppendur á eigin bílum. Hægt verður að sameinast í bíla en skráning er hafin í Klifurhúsinu, Skútuvogi 1G. Einnig er hægt að kynna sér klifuríþróttina á vefsíðunni www.klifurhusid.is og www.klifur.is

● **MEÐ ÁRINA AÐ VOPNI GEGN NÁTTÚRUÖFLUNUM** Fyrirtækið Arctic Rafting býður upp á flúðasiglingar á fimm stórfljótum á Íslandi: Hvítá, Markarfljóti, Hólmsá á Suðurlandi, Jökulsá eystri og Jökulsá vestri á Norðurlandi.

Flúðasigling niður Hvítá er með vinsælustu ævintýraferðum á Íslandi og fullkomið fjölskyldufjör. Á Jökulsá vestri er farið á vit ævintýranna og vinabönd styrkt, en klikkuð tryllingsferð farin niður Hólmsá. Á Markarfljóti er siglt gegnum ægifögur gljúfur og framhjá Þórsmörk sem er umkringd jöklum, og á Jökulsá eystri er glímt við grimm náttúruöfl og mest krefjandi straumá landsins.

Í flúðasiglingu sitja fjórir til tólf þátttakendur saman í uppblásnum raft-báti ásamt leiðsögumanni. Í sameiningu þræðir hópurinn flúðir og gljúfur. Allir klæðast blautgöllum, björgunarvestum og hjálmum og hægt er að velja um mismunandi erfiðleikastig siglinga.




**Fjölskyldan á Stokkseyri**

og allir skemmta sér vel!

Frábær fjölskylduskemmtun á **KAJAK**, fáið Sjóræningjakort í afgreiðslu.

**Töfragarðurinn**
Fjölskyldu og skemmtigarður

**TJALDSTÆÐI** Stokkseyrar.
Frír aðgangur í Töfragarðinn fylgir tjaldstæðinu

**Kaffi Sól**
fjölskylduvænt kaffihús. Kökur, kaffi, pylsur, samlokur, þythokky o.m.fl.

Komdu með miðann og fáðu **15% afslátt** á öllum stöðum!

KAJAKAFERÐIR STOKKSEYRI

**Verið velkomin**
www.stokkseyri.is

KAFFI SÓL







Keppt er í þremur flokkum: fyrir börn, unglinga og fullorðna.

## Hjólreiðakeppni í Heiðmörk

Hjólreiðafélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur stendur fyrir svokallaðri Heiðmerkuráskorun í kvöld.

Heiðmerkuráskorunin er árviss hjólreiðakeppni og verða þrautirnar með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Keppt er í þremur flokkum, börn, unglingar og fullorðnir. Krakkakeppnin hefst klukkan 19.30. og er keppt í flokki 8-13 ára, stelpur og strákar. Hjólaðir verða 1 til 2 hringir eftir aldri.

Keppnisgjald er 3.000 krónur og fer skráning fram í dag. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.hfr.is. *- rat*



**● FYRSTU SKREFIN Á LÍNUSKAUTUM** Línuskautar eru skemmtilegt og vaxtarmótandi sport sem krefst æfingar og því gott að fara hægt af stað.

● Ef þú hefur aldrei áður stigið á línuskauta getur verið stórmál að standa á þeim í fyrsta sinn. Byrjaðu að standa í skautana í grasi eða öðru mjúku undirlagi og stattu smástund áður en þú reynir að taka skref í ólíkar áttir. Með því geturðu í það minnsta gengið á línuskautum þótt þú kunnir ekki enn að renna þér á þeim.

● Það er taugatrekkjandi að renna sér í fyrsta sinn á línuskautum en til að ná árangri er gott jafnvægi mikilvægast. Æfingin skapar meistarann og gott er að finna lítinn halla þar sem þú getur látið þig rúlla áður en þú stoppar. Fáðu svo vin til að draga þig upp svo þú getir æft þetta aftur og aftur. Einnig er gott að æfa sig á stað þar sem þú getur tekið höndum tveim um handrið eða stutt þig við veggi.

# Nýtt svæði fyrir hjólabrettafólk



„Þetta er einn af þeim hópum sem okkur þótti vanta almennilega aðstöðu og af þeim sökum var ráðist í þessar framkvæmdir," segir Atli Steinn Arnarsson, formaður hjá frístundamiðstöðinni Gufunesbæ, um nýja hjólabrettaaðstöðu, sem þar var tekin í notkun 24. júní.

Hjólabrettaaðstaðan var meðal annars vígð af þekktum hjólabrettamönnum á opnunarhátíðinni sem stóð fram undir kvöld.

Atli segir nýju hjólabrettaaðstöðuna vera hluta af þeirri stefnu ÍTR að bygggja upp útivistarsvæði með fjölbreyttum möguleikum við Gufunesbæ. „Draumurinn er svo að láta byggja utandyra sérhannað hjólabrettasvæði, það er steypt svæði, fyrir þennan hóp í framtíðinni," bætir hann við. *- rve*



**Á svæðinu er meðal annars gamli bóndabærinn, hlaðan og súrheysturninn sem nýttur er til veggjaklifurs og auk þess er golfvöllur á túnunum við Gufunesbæinn og nú ný hjólabrettaaðstaða.**




Það er um að gera að fara í fótsnyrtingu áður en farið er í fallega sandala í góða veðrinu.

NORDICPHOTOS/GETTY


Ilmandi heitt fótabað með sítrónu og myntu.


Lakkaðu neglurnar í fallegum lit. Rautt klikkar aldrei.


Endurnærandi skrúbb úr grófu salti, ólífuolíu og ilmkjarnaolíu með myntu.

# Flaggaðu fögrum tám

**Sumarið er tíminn til að spígspora um í opnum skóm og þá sjaldan að hitinn fer upp fyrir tíu gráður á landinu skal nýta tækifærið. Úrvalið af fallegum sandölum er líka frábært í verslunum núna.**

Áður en þú ferð sokkalaus út í sandölum er um að gera að hressa aðeins upp á lúna fæturna sem hafa verið innilokaðir í súrum sokkum í vetur.



Splæstu á þig fótsnyrtingu eða útbúðu notalegt fótabað heima með ilmandi sítrónu og myntu í heitu vatni. Nuddaðu fæturna síðan upp úr endurnærandi skrúbbi en hægt er að blanda það heima til dæmis úr grófu salti, ólífuolíu og piparmyntuolíu. Nuddaðu síðan siggið burt með grófum steini eða bursta. Klipptu táneglurnar þvert og rúnaðu aðeins með þjöl og ýttu naglaböndunum niður með pinna. Berðu gott krem á fæturna og endaðu svo á því að lakka táneglurnar með fallegum lit. Rautt klikkar aldrei. Þá er hægt að smeygja sér í sumarlega sandalana.

*heida@frettabladid.is*









Erlendur gjaldeyrir til sölu, USA dollarar og Evrur, uppl. í síma 659 4221.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Heimilistæki

**Þvottavélar, varahlutir.**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og ísskápar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545, Síðumúli 37.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

## Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

www.hairandbodyart.net
Slökunarnudd, Taílenskt herbal nudd, Taílenskt handa & fóta nudd, Snyrting, Indverkst höfuðnudd.
Pantanir í s. 551 2042 & 694 1275



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Hestamennska

TOPP HESTAR HESTALEIGA

Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

48fm 2 herb. íbúð á 1 hæð á sv. 104. Leiga 85þ.Trygging 100þ. Uppl. í s. 868 0990.

Til leigu herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglusaman, með sameig. eldh. & baðh. Uppl. e. kl 12 í s. 777 5571.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, V.30 þ. og líka 45 þ. S. 895 2138.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu 2 herb. íb. í grafv. sér inng. laus strax uppl: 6634374

Til leigu 3 herb. íbúð 70 fm. með sérinng. Björt og falleg. Langtímal. Staðsett í einbýlishúsahv. 109. Laus strax. Reglusemi. Uppl. í s. 892-5090

Til leigu 3ja herb íbúð við Þórufell frá 1 júlí leiga kr 95.000 auk hússjóðs s 6990415

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 53 þ. S. 663 5791.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta og Internet fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

Gott herb.í rólegu hverfi (109) útb. húsgögnum, aðgangur að baðherb.,eldunaraðst.,interneti og baðherb. uppl: 8917630 Furnished tidy room in area 109. Access to bath, kitchenette, internet, laundry etc. info; 8917630

Til leigu strax, 93fm 3 herb. íbúð m. þvottah. á 2.h í Norðlingaholti. Stæði í bílakj. og geymsla fylgja. Leiga 125þ + húsgj. Nánari uppl. á nordlingah@gmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúðir til leigu**
Nýjar 2, 3, og 4ra herb. íbúðir til leigu í hfj. í fallegu fjölbýlishúsi. uppl. í síma 698 2127 og 820 1002.

## Húsnæði óskast

Heiðarlegt og reyklaust par með barn á leiðinni óskar eftir 2ja herbergja íbúð frá og með 1. ágúst á sanngjörnu verði. Björgvin S: 866 2066 e-mail: bjg8@hi.is

fjöldskyldu vantar4 erb íbúð til leigu í R.V.K

## Sumarbústaðir

Til sölu eignarlóðir Möðruvöllum 1 (Norðurnes) í Kjós. Upplýsingar í símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**LAUGAVEGUR**
Verslunarhúsnæði óskast neðan Vitastígs á Laugaveginum. Uppl s.6932505

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Italiano Pizzeria

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

VDO Offroad Line

Óskum eftir duglegum , heiðarlegum og stundvísum starfsmanni í verslun , viðkomandi þarf að hafa frumkvæði , vera áhugasamur , hafa gaman af því að selja vörur og þjónusta fólk og helst hafa reynslu af sölu og þjónustu störfum, yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Einnig vantar stafsmann aðra hvora helgi. Vinsamlegast sendið umsóknir á birna@vdo.is

Verslunin Augnakonfekt Laugavegi 95 óskar eftir traustri,snyrtilegri, reykl,starfskonu/manni. Ums sendast á kolbrun@augnakonfekt.is.

Au pair. Íslenska fjölskyldu í Svíþjóð vantar au-pair stelpu frá 1. nóv. nk. Þarf að vera eldri en 20 og reyklaus. Nánari uppl. gefur Sigurbjörg, sigursigur@gmail.com.

Kraftmiklir einstaklingar óskast. Óskum eftir starfsfólki í símasöluver okkar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri. Umsóknir sendist á simaver@kreditkort.is Kreditkort hf.

**Spjall, myndir og vídeo**
Fjölbreyttir tekjumöguleikar eru nú í boði fyrir kynþokkafullar íslenskar konur á vefsíðunni PurpleRabbit.eu.

## Viðskiptatækifæri

MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR - NETWORK MARKETING ER MÁLIÐ / GETUR ÞÚ UNNIÐ SJÁLFSTÆTT? - HRINGDU NÚNA Í SÍMA 699-3702 OG FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Flugfélagsins Geirfugl ehf, verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 07.07.2010, klukkan 20:00 Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins. Nánar á heimasíðu félagsins. www.geirfugl.is

## Leikir

Ratleikur: http://gummi.public.is/ratleikur.html

## Tilkynning

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning nýs vegar að efnistökusvæði í Húsaborg, Vestur- Húnaþingi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **3. ágúst 2010.**

**Skipulagsstofnun**


Auglýsingasími 512 5401




Allt sem þú þarft...

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur stuðning og hlýhug í veikindum og við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Gestssonar**
Heiðarbæ 13, Reykjavík.

**Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigríður Lára Gunnarsdóttir** **Lýður Skúli Erlendsson**
**Torfi Gunnarsson**
**Grímur Gunnarsson**
**og barnabörn.**





*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Sigurðsson**
frá Úthlíð, blaðamaður og listmálari,
Löngulínu 14 Garðabæ,

sem andaðist á Landspítalanum 27. júní sl., verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 2. júlí kl. 15.00.

**Jóhanna Bjarnadóttir**
**Bjarni Már Gíslason** **Hrafney Ásgeirsdóttir**
**Hrafnhildur Gísladóttir**
**Jóhanna Bjarnadóttir**
**Sverrir Már Bjarnason**





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Fríða Helgadóttir**
Efstalandi 4, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 22. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Magnús Gunnar Pálsson** **Þóra J. Hólm**
**Bertha S. Pálsdóttir**
**Sigurður Pálsson** **Hanna M. Baldvinsdóttir**
**Svavar Pálsson**
**Helgi Pálsson** **Pálína Reynisdóttir**
**Málfríður Ágústa Pálsdóttir**
**Páll Garðar Pálsson**
**og ömmubörn.**





*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ingibjargar Haraldsdóttur**
frá Patreksfirði, áður til heimilis að Arnarhrauni 4 í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans fyrir vinsemd og hlýhug starfsfólkinu á 11 E færum við okkar bestu kveðjur fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Pétur Ólafsson**
**Arnbjörg Pétursdóttir** **Haraldur Ólafsson**
**Óliver Pétursson** **Svandís Þorvaldsdóttir**
**Kristín Petrína Pétursdóttir** **Sigþór J. Guðmundsson**
**Haraldur Pétursson**
**og barnabörn.**



Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


**MIKE TYSON ER 44 ÁRA Í DAG.**



*„Það eru allir með sínar áætlanir, þar til þeir fá á kjaftinn.“*

***Mike Tyson varð heimsmeistari í boxi 22 ára gamall, yngstur allra til að hampa þremur heimsmeistaratitlum samtímis. Hann vann fyrstu 19 bardaga sína með rothöggi, þar af 12 þeirra í fyrstu umferð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JÚNÍ 1910

## *Fyrsta konan verður stúdent*



Laufey Valdimarsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að fá stúdentspróf fyrir hundrað árum. Hún varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík með fyrstu einkunn. Hún hóf nám við Kaupmannahafnarháskóla en lauk ekki prófi þaðan.

Laufey var dóttir hjónanna Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Valdimars Ásmundssonar, ritstjóra Fjallkonunnar. Laufey tók við formennsku af móður sinni árið 1927 og gegndi formennskunni til dauðadags árið 1945. Hún átti frumkvæði að stofnun nokkurra merkra félaga kvenna, þar á meðal Mæðrastyrksnefndar þar sem hún varð fyrsti formaður árið 1928.

Laufey lést í París þegar hún var á leið á alþjóðaþing kvenna í Sviss.




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

**STYRKUR VEITTUR:** ÚR MINNINGARSJÓÐI MAGNÚSAR ÓLAFSSONAR

# Bók um íslenskar konur



**ENGINN SÉRSTAKUR FEMÍNISTI** „Það eru svo margar mikilvægar konur í lífi okkar allra,“ segir Berglind. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Úthlutað var úr Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar í fyrsta sinn á dögunum. Berglind Björnsdóttir ljósmyndari hlaut styrkinn en tilgangur sjóðsins er að styrkja ljósmyndun á Íslandi sem listgrein. Áætlað er að veitt verði úr sjóðnum þriðja hvert ár.

„Ég ætla að verja styrknum í að gera ljósmyndabók um íslenskar konur. Bók sem ég vil að verði öðruvísi en þær ljósmyndabækur sem við sjáum venjulega,“ segir Berglind Björnsdóttir ljósmyndari. „Mig langar að ná íslenskum konum eins og þær eru í nútíma íslensku þjóðfélagi.“

Berglind segir að hún sé ekki sérstakur femínisti heldur finnist sér íslenskar konur spennandi viðfangsefni. „Þær eru ekki bara fallegar heldur sterkar. Svo eru íslenskar konur rosalega sjálfstæðar sem ég tel vera arfleifð frá landnámskonunum okkar og ég ætla mér jafnvel að fjalla um þær í texta líka.“

Berglind vill með myndum lýsa því hvað íslenskar konur dreymir um og langar. Hún býst einnig við að einhver texti verði í bókinni. Hún ætlar að vinna með konum á öllum aldri á öllum stigum þjóðfélagsins. „Ég réðst bara strax á tvær konur í World Class í gær. Mér fannst þær svo flottar,“ segir Berglind og heldur áfram: „Ég þarf að setjast niður og skrifa hvaða konur ég ætla að fá. Ég myndi vilja blanda þekktum og óþekktum konum saman.“

Berglind lærði ljósmyndun í Bandaríkjunum, bæði í Flórída og Arizona. Hún hefur haldið talsvert af sýningum en ekki gefið út ljósmyndabók áður. „Mér finnst eins og bók skilji meira eftir sig og sé varanlegri. Mig hefur dreymt um það lengi að gera ljósmyndabók.“

**martaf@frettabladid.is**




*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hanna Ármann**
Sléttuvegi 17,

sem lést mánudaginn 28. júní á Landspítalanum, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Finnur Björnsson**
**Valdís Ella Finnsdóttir** **Jónas Ólafsson**
**Ólafur Jónasson** **Finnur Jónasson**
**Elvar Finnur Grétarsson** **Heiðar Kristján Grétarsson**
**Hannar Sindri Grétarsson**





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Hansína Jóhannesdóttir**
Skúlagötu 40,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 26. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Guðmundur Níelsson** **Þóra Þorvaldsdóttir**
**Ásta Kristín Níelsdóttir** **Benedikt Sigurðsson**
**Gunnar Níelsson**
**Steina B. Níelsdóttir**
**Herdís G. Jóhannesdóttir og ömmubörn.**





*Móðir okkar, amma, langamma og systir,*

**Ásta Ólafsdóttir Beck**
Snorrabraut 56 b,

sem andaðist á Vífilsstöðum 21. júní, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 1. júlí kl. 13.

**Ása Beck**
**Ólöf Una Beck**
**Ulf Beck**
**Magnús Haukur Jökulsson**
**Þórunn Magnúsdóttir**
**Gyða Ólafsdóttir**





*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Guðni Þorbergsson**
Eiðismýri 30,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 26. júní. Útförin fer fram frá Neskirkju 2. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigurbjörg Valmundsdóttir**
**Valmundur Steinar Gíslason** **Eyrún Ragnarsdóttir**
**Íris Ósk Valmundsdóttir**
**Gísli Steinar Valmundsson**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




Gelert

Tryfan classic 300DL
svefnpoki

**4.999kr**




# Gelert ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA



NEW

6 person · 10.65kg · 69x23 x23cm · 3000

Gelert

CADIZ
6 manna tjald

**39.999kr**



QUICKPITCH SS

2 person · 2.05kg · 75x75 x3cm · 2000 · LiteWEIGHT · UPGRADE · NEW

Gelert

QUICK PITCH
2 manna tjald

**9.999kr**



4 person · 5.85kg · 2000 · NEW

Gelert

TORNADO
4 manna tjald

**19.999kr**

Göngustafir
**4.999kr**



Grand Gasgrill
**19.999kr**



SPARIÐ 10.000.-

Fótpumpa
**1.499kr**



Tjaldlukt
**1.999kr**



Drykkjarbakpoki
1.5ltr
**5.999kr**



Útileguborð
**4.999kr**



Vatnskútur 8 ltr.
**999kr**



Vindsæng
**3.499kr**



Vasaljós
**799kr**



Vindhlíf
**6.999kr**



24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 4. júlí á meðan birgðir endast.

skt
anga
mleiðslu
ði.
uð efni,
eðurfar.
gileg snið.

elt



weather report

Regnjakki
blár eða bleikur
st. 120-160
vnr. 796343
4.999kr

weather report

Regnbuxur
st. 120-170
vnr. 774997
3.999kr



weather report

Dömu & herra
Öndunarjakki
st. 36-48, S-3XL
5.999kr

weather report

Dömu & herra
Öndunarbuxur
st. 36-48, S-3XL
4.999kr

# weather report™ ÓDÝR ÚTIVISTARFATNAÐUR



weather report

Flíspeysa
st. 36-48
vnr. 787138
3.999kr





Thermal
sokkar
ull & mohair
999kr

Gönguskór
st. 36-47
vnr. 607451
14.999kr



Gönguskór
st. 36-46
vnr. 788945
12.999kr



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
vnr. 787457
2.299kr



waterland
Gúmmístígvél
st. 36-46
vnr. 787461
4.999kr



Waterland
Gúmmístígvél
Loðfóðruð
st. 20-35
vnr. 787455, 787456
3.999kr



Waterland
Gúmmískór
st. 20-46
vnr. 787458
verð frá
2.299kr



Waterland
Gúmmístígvél
st. 20-35
vnr. 787459
3.999kr



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



# FLOTTASTUR í FERÐALAGIÐ!





**GRILLHAMBORGARAR FABRIKKUNNAR**

Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar.

**HAMBORGARABRAUÐ FABRIKKUNNAR**

Fabrikkubrauðið er fyrsta ferhyrnda Fabrikkubrauðið í heiminum.



**GRÍSARIF FABRIKKUNNAR**

Elduð grísarif í Barbíkjúsósu Fabrikkunnar. Grísarifin eru foreldluð og þarf aðeins að hita.





**FABRIKKU SÓSAN**

Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikkunnar. Hún hentar vel með öllum mat.

**KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR**

Kokteilsósa Fabrikkunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni
Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN

PANASONIC G2
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.



2. VERÐLAUN

PANASONIC TZ10
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.



3. VERÐLAUN

PANASONIC BD65
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.





Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010**.
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




# Mannréttindi í stað útrásar

**BAKÞANKAR** Kolbeins Óttarssonar Proppé



Ég upplifi það þannig að útrásarvíkingarnir hafi troðið svo miklum skít yfir landið að efnahagskerfið hrundi. Upp úr því reis þjóðfélag mannréttinda í stað peningadýrkunar.“ Þetta sagði glöð og reif kona við mig á sunnudagskvöldið. Hún var kát vegna þess að hún hafði lifað sögulegan viðburð, sem og reyndar við öll. Hún varð, fyrr um daginn, jöfn á við þær konur sem frekar vilja sofa hjá karlmönnum. Sjálf er hún lesbísk.

**FYRIR** þá sem ekki sjálfir hafa reynt fordóma samfélagsins verða þeir ekki annað en viðfangsefni. Það er hægt að hafa á þeim skoðun, taka þá nærri sér og fyrirlíta þá, en það er allt, allt annað en að upplifa þá á eigin skinni.

**ÞETTA** fór í gegnum huga mér þegar ég sat í Fríkirkjunni á sunnudaginn og fylgdist með regnbogamessu í kjölfar nýrra laga um að samkynhneigðir mættu ganga í hjónaband. Sjálfur hef ég engan skilning á því hvers vegna fólk vill tilheyra kirkjunni, en ég hef jafn mikla sannfæringu fyrir því að þeir sem það vilja eigi að fá að gera það. Og þar sem ég sat og reyndi að leiða guðsorðið, sem blessunarlega var lítið af, hjá mér, sló það mig að ég varð vitni að sögulegum viðburði í mannréttindabaráttu.

**ÞAÐ** er fráleitt að það hafi ekki gerst fyrr en árið 2010 að kirkjunnar menn væru skikkaðir til að láta af fordómum sínum. Vissulega hafa margir þeirra barist fyrir þessum réttindum, en meirihlutinn staðið gegn þeim. Að stofnun, sem styrkt er af ríkinu og nýtur sérréttinda umfram aðrar af sama toga, skuli líðast að sýna mismunun er fráleitt.

**RAUNAR** skil ég ekki hví prestar geta neitað að gefa samkynhneigða saman. Gætu þeir neitað einhverjum öðrum samfélagshópi um slíkt hið sama? Lituðum? Fötluðum? Smámæltum? Auðvitað ekki, en virðingin fyrir trúarsannfæringu prestanna er enn ofar virðingunni fyrir mannrétttindum allra.

**KANNSKI** er ekki rétt að einblína á hið neikvæða á slíkri gleðistundu. Það var erfitt að hrífast ekki með þeim anda sem ríkti á hátíðinni á sunnudag. Barátta samkynhneigðra fyrir því sem er svo eðlilegt hefur borið árangur. Baráttunni má hins vegar aldrei gleyma. Mörgum kann að þykja þetta svo sjálfsagt að varla taki því að fagna. Þeir ættu hins vegar að hugsa til sögu annarrar konu sem sagði mér síðar um kvöldið að ekki væru nema tuttugu ár síðan hún missti vinnuna vegna þess hver hún er.

**TIL** hamingju við öll.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum.**
**Síðustu forvöður að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu.**

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

> SENDI KYLIE SMS

Ástralski hasarkroppurinn **Kylie Minogue** kom fram með hljómsveitinni Scissor Sisters á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í Bretlandi um helgina. Jake Shears, forsprakki Scissor Sisters, segist hafa sent söngkonunni sms fyrir nokkrum vikum þar sem hann bað hana um að syngja með. Kylie var ekki lengi að svara með orðunum: „Hell yeah!“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Tróð Íslendingi í verk Ravenhills

„Ég náði meira að segja að troða Íslendingi í verkið, sem ég leik sjálfur,“ segir leikaraneminn Einar Aðalsteinsson.

Einar tekur nú þátt í lokasýningu breska leiklistarskólans Lamda, en hann útskrifast í sumar. Verkið er eftir skáldið Mark Ravenhill sem samd meðal annars hið umdeilda Shopping and Fucking, sem hefur verið sýnt víða um heim.

„Á hverju ári eru þekkt leikskáld og rithöfundar fengnir til að koma inn og vinna með okkur yfir skólaárið,“ segir hann. „Við fengum Mark í fyrra. Hann setti okkur í rannsóknarvinnu þar sem við skoðuðum kjöt, peninga og Jesú. Nú er hann svo búinn að skrifa leikrit út frá rannsóknunum.“



**SÝNING MEÐ MARK RAVENHILL** Einar æfir nú útskriftarverk sem leikskáldið Mark Ravenhill skrifar. MYND/VIKTOR ÖRN

Einar er einn af átta nemendum við skólann sem valdir voru til að leika í sýningunni. Hann leikur þrjú hlutverk í verkinu en allir nemendurnir taka að sér þrjú hlutverk nema sá sem leikur aðalhlutverkið.

Einar útskrifast ímeð Harry Melling sem lék í Harry Potter-myndunum. Sebastian Reid útskrifast einnig en hann er um þessar mundir að leika í nýrri mynd Roland Emmerich, leikstjóra Independence Day. Á síðasta ári útskrifaðist úr sama skóla Sam Claflin, sem leikur nú í nýrri mynd um sjóræningjann Jack Sparrow í Pirates of the Caribbean. -fb



**STYRKTARTÓNLEIKAR** Allur ágóði tónleikanna rennur í sjóð til styrktar Ellu Dís.

# Styrkja Ellu Dís

Sérstakir styrktartónleikar verða haldnir til styrktar Ellu Dís sem er langveik, fjögurra ára gömul stúlka.

Þar sem Ella Dís er ósjúkdómsgreind fær hún enga aðstoð frá ríkinu til að standa undir kostnaði við stofnfrumumeðferð. Hún hefur nú þegar farið í eina stofnfrumumeðferð og til stendur að Ella Dís fari í aðra slíka meðferð en kostnaður við hana er mikill og því var brugðið á það ráð að styrkja fjölskyldu Ellu Dísar með fjársöfnun.

Ósk Matthíasdóttir stendur fyrir símasöfnun þar sem hægt er að hringja inn og styrkja um þrjár mismunandi upphæðir og eru styrktarsímanúmerin 907-3701 (1.000 krónur) 907-3702 (2.000) og 907-3703 (3.000).

Rósalind Gísladóttir óperusöngkona stendur fyrir tónleikunum sem hefjast klukkan 20.00 í Grafarvogskirkju. Á meðal þeirra sem fram koma eru Gissur Páll Gissurarson, Vala Guðnadóttir, Þóra Einarsdóttir og Óp hópurinn. Aðgangseyrir er 2.000 krónur og rennur sú upphæð beint í sjóð til styrktar Ellu Dís.

# Fox er gengin út

Leikkonan og þokkadísin Megan Fox er gengin í það heilaga með leikaranum Brian Austin Green. Parið mun hafa fest ráð sitt í lítilli athöfn á paradísareyjunni Hawaii í síðustu viku. Parið kynntist og trúlofaðist fyrst árið 2006 en slitu henni svo í fyrra. Nú virðist ástin hafa blossað upp á ný og allt í blóma.

Brian Austin Green er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum 91210 Beverly Hills sem voru vinsælir á tíunda áratugnum en Megan Fox skaust upp á stjörnuhimininn eftir kvikmyndina Transformers og er talin með kynþokkafyllstu konum heims.



**GIFT** Megan Fox giftist Brian Austin Green í síðustu viku.

# Kyntröll í kjól?

Aðdáendur Leonardo DiCaprio geta nú jafnvel átt von á því að sjá sjarmatröllið í kjól í hugsanlegri kvikmynd DiCaprio þar sem Clint Eastwood mun sitja í leikstjórasætinu. Myndin sem um ræðir mun fjalla um J. Edgar Hoover, fyrsta forstjóra FBI í Bandaríkjunum. Myndin mun ekki aðeins fjalla um þátt hans í hinum ýmsu stóratburðum í sögu Bandaríkjanna heldur einnig einkalíf hans, en margir vilja meina að Hoover hafi verið samkynhneigður og klæðst kjólum heima fyrir. Það verður spennandi að sjá hvað DiCaprio tekur sér fyrir hendur ef af myndinni verður og hvort kauði taki sig vel út í kjól.





**GULLKÁLFAR?** Búast má við að uppgangur Sigur Rósar síðustu ár hafi haft mikil og góð efnahagsleg áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kortleggja hverju skapandi greinar skila þjóðarbúinu

**Áhrif tónlistar, kvikmynda og annarra skapandi greina hafa aldrei verið kortlögð á Íslandi. Nú hafa stjórnvöld ákveðið að bæta úr því og kanna hvaða áhrif skapandi greinar hafa á þjóðarbúið í efnahagslegu samhengi.**

„Þetta er afar mikilvægt verkefni til þess að meta samkeppnishæfni og möguleikana til markaðssetningar skapandi greina erlendis til framtíðar,“ segir Inga Hlín Pálsdóttir hjá Útflutningsráði.

Unnið er að því í fyrsta sinn að meta hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi. Colin Mercer, alþjóðlegur sérfræðingur í hagrænum áhrifum skapandi greina, vinnur verkið ásamt fræðimönnum við Háskóla Íslands.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN og talsmaður verkefnisins, segir vinnuna sem er að hefjast vera mikil gleðitíðindi fyrir skapandi greinar á Íslandi. „Að hluta til erum við að bregðast við athugasemdum úr „Grænu skýrslunni“ sem Norræna nýsköpunarmiðstöðin gaf út undir heitinu „Creative Economy Paper for the Nordic Region“ árið 2007,“ segir hún. Í skýrslunni kom meðal annars fram að það sé mjög óheppilegt að skapandi greinar hafi ekki verið kortlagðar á Íslandi með kerfisbundnum hætti á landsvísu.

**7** milljónum króna verður varið í að greina og meta hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi.

**HEIMILD:** ÚTÓN

Anna segir því mjög ánægjulegt að stjórnvöld og þeir sem sinna aðstoð við útflutningsfyrirtæki í landinu skuli nú taka þátt í verkefni sem stuðlar að heildrænni stefnumótun í menningarviðskiptum og fyrir þann ört vaxandi atvinnuveg sem skapandi greinar eru.

atlifannar@frettabladid.is



**ÁNÆGJULEGT** Anna Hildur hjá ÚTÓN segir ánægjulegt að hagræn áhrif skapandi greina verði kortlögð.

# Hudson opnar sig í fyrsta sinn

Jennifer Hudson hefur nú í fyrsta sinn opnað sig um hið hræðilega atvik sem átti sér stað árið 2008, þegar móðir hennar, eldri bróðir og sjö ára frændi hennar fundust myrt.

„Þetta er allt í móðu, þetta var svo óraunverulegt,“ segir leikkonan. „Í raun var eins og ég stæði fyrir utan sjálfa mig.“

Söngkonan segist hafa eytt um tveimur vikum inni í herbergi og fjölskylda og vinir komið til hennar. Hún bað til Guðs þegar hún vaknaði á morgnana og áður en hún lagðist niður á kvöldin. Hudson kom fyrst fram á Grammy-verðlaunaafhendingunni árið 2009 eftir atvikið. Þar söng hún lagið You Pulled Me Through og segir hún það hafa gefið henni styrk. „Ég var að hugsa um fjölskyldu mína þegar ég söng þetta lag. Ég gat heyrt í bróður mínum í hugsunum mínum þar sem hann sagði: „Jennifer, þú þarft að negla þetta! Þú þarft að fara upp á svið og gera þetta.“ Ég vissi að hann yrði vonsvikinn ef ég myndi ekki gera mitt allra besta,“ segir söngkonan. - ls



**STERK SÖNGKONA** Hudson segir atvikið vera í móðu og allt hafi verið svo óraunverulegt.


Ali
Ali
BORGARI
Með kurluðum
BEIKON
bitum
10 stk
Nýjung!
Með kurluðum
BEIKON
bitum
Æðislega gott á grillið
OSTA
GRILL
PYLSUR
Ali
BORGARI
10 stk
GRILLPYLSUR
Ali
Svína
kótilettur
HUNANGS
mareneraðar og léttreyktar
LÉTTREYKTAR HUNANGS
GRÍSAKÓTILETTUR
Ali
LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSA-
KÓTILETTUR Í BARBECUE SÓSU

# Spássían yfir alla síðuna

**Sumarkiljurnar, játningar útrásarvíkinga og The Wire eru meðal umfjöllunarefna í Spássíunni, nýju tímariti um bókmenntir og listir.**

Nýtt menningartímarit, Spássían, kemur út á morgun. Útgefendur og ritstjórar blaðsins eru bókmenntafræðingarnir Ásta Gísladóttir og Auður Aðalsteinsdóttir. Þær segja markmið blaðsins fyrst og fremst að mæta eftirspurn eftir umræðu um bókmenntir en einnig verður fjallað um aðrar listgreinar.

Auður og Ásta hafa áður gert útvarpsþætti um bókmenntir á Rás 1. „Þar lékum við okkur aðeins að forminu, brutum umfjöllunina upp með tónlist og fleiru og og brugðum upp ýmsum sjónarhornum," segir Ásta. „Okkur langaði til að gera eitthvað svipað í tímaritsformi og höfum gengið með þessa hugmynd í maganum árum saman. Það má svo segja að hún hafi fæðst fyrir tveimur mánuðum, þegar við ákváðum að gefa út tímarit með menningarlegum áherslum fyrir sumarið."

Efnistökin eru fjölbreytt. Í fyrsta tímaritinu er meðal annars fjallað um sumarmenninguna: bækur, tónlist, leiklist og kvikmyndir. Játningar útrásarvíkinga eru settar í bókmenntalegt og trúarlegt samhengi, fjallað er um sjónvarpsþættina The Wire og framtíð karlmennskunnar.

„Við lögðum upp með að gefa út rit með almennri umfjöllun um menningu í bland við fræðilega," segir Ásta, „við vildum ekki ryðjast inn á svið rita á borð við TMM, heldur hafa þetta aðeins óformlegra." Af því dregur Spássían einmitt heiti sitt; á spássíum bóka hefur óformleg umræða og listsköpun farið fram í aldaraðir. Auður og Ásta skrifa megnið af efni fyrsta tölublaðsins en aðrir pennar koma líka við sögu.

Spássían verður fáanleg í öllum helstu bókaverslunum. Stefnt er að því að ritið komi út ársfjórðungslega og vonast Auður og Ásta til að koma út tveimur tölublöðum í viðbót á þessu ári, öðru í haust og því þriðja fyrir jól.

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁSTA OG AUÐUR** Spássía bóka hefur verið vettvangur óformlegrar umræðu og listsköpunar um aldaraðir og af því dregur ritið nafn sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 3:20 - 5:40 - 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal | kl. 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| GROWN UPS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| THE A-TEAM | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal/ ótextað | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 - 10.25 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 8 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |





Umboðssalan
...markaður fyrir notað og nýtt
Smáratorgi
við hliðina á Rúmfatalagernum
...við seljum fyrir þá sem vilja selja og seljum þeim sem vilja kaupa, svo einfalt er það!
Tryggið ykkur hagstæð kjör!
Umboðssalan Smáratorgi Kópavogi
Símar: 867 0157 og 867 0177
Opið alla virka daga frá 12-18:30
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga frá 13-16

## > Stórleikur kvöldsins á Akureyri

Heil umferð fer fram í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í kvöld. Stórleikur kvöldsins er á Akureyri þar sem Þór/KA tekur á móti KR. Norðanstúlkur eru í þriðja sæti deildarinnar og KR í því fjórða. Topplið Vals sækir Grindavík heim og Breiðablik sem er í öðru sætinu mætir Haukum. Hafnarfjarðarliðið er í níunda og næstneðsta sæti. Grannar þeirra í Hafnarfirðinum, FH, eru neðstir en þær hvítklæddu mæta Stjörnunni í Krikanum. Þá heimsækja Fylkisstúlkur Mosfellsbæ og mæta þar Aftureldingu. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15 nema leikurinn á Akureyri sem hefst klukkan 18.30.



**sport**

sport@frettabladid.is

**FYLKISMENN ERU Í HVÍTA-RÚSSLANDI TIL AÐ SPILA Í EVRÓPUKEPPNINNI:** MÆTA ZHOPIDO Á MORGUN

# *Fundum lítið af andstæðingnum á Youtube*

Fylkismenn eru mættir til Hvíta-Rússlands þar sem þeir mæta Zhodino í fyrstu umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA á morgun.

„Þetta var bara flug til Berlínar og svo í einn og hálfan tíma til Minsk. Þetta er alls ekki erfitt ferðalag og það væsir ekkert um okkur hér. Þetta lítur allt mjög vel út og betur en margur áætlar. Við vorum reyndar í tvo tíma að fara í gegnum vegabréfaeftirlitið en það er nokkuð eðlilegt hérna skilst mér," sagði fyrirliðinn, Valur Fannar Gíslason.

Það er mikið álag á liðinu sem spilaði gegn Grindavík á sunnudag þar sem liðið vann 2-1, það spilar svo á morgun og næst á sunnudaginn. „Sá leikur gæti reyndar verið færður fram á mánudaginn en það skiptir ekki öllu máli, við eigum leik strax á fimmtudeginum eftir það en við vissum alltaf að þetta yrði svona," sagði Valur og liðið leikur því fjóra leiki á tólf dögum.



Allir skiluðu sér með skó og farangur en liðið æfir í dag en var í fríi í gærkvöldi. Valur veit nákvæmlega ekkert um andstæðinginn og því fara Fylkismenn hálfblindir inn í leikinn.

„Þeir hafa unnið tvo leiki af níu í deildinni og eru frekar neðarlega þar. Þeir komust í keppnina af því þeir spiluðu bikarúrslitaleik við BATE en töpuðu samt," sagði Valur og bætti við að það væri lítið að finna á Youtube af liðinu.

„Það frægasta sem við fundum var að dómari sem dæmdi einu sinni fullur dæmdi leik hjá þeim. Fjalar markmaður fann þetta á Netinu. En annars vitum við það lítið að við ætlum bara að fara rólega inn í leikinn, við vitum að hér er hefð fyrir góðum knattspyrnumönnum.

Við vitum ekkert hvað við erum að fara út í og byrjum rólega en breytum svo bara ef við þurfum," sagði Valur Fannar.



**Á HLIÐARLÍNUNNI** Ólafur Þórðarson horfir á leikinn gegn Fram úr áhorfendastæðinu eftir að hafa fengið rauða spjaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fylkismenn í leikbann:

# Fjórir í samtals sjö leikja bann

**FÓTBOLTI** Þrír leikmenn Fylkis voru dæmdir í leikbann af aganefnd KSÍ í dag auk þjálfarans Ólafs Þórðarsonar. Þetta eru Andrés Már Jóhannesson, Ásgeir Börkur Ásgeirsson og Þórir Hannesson.

Andrés fékk tveggja leikja bann vegna brottvísunar í leik Fylkis og Fram og Ásgeir þriggja leikja bann. Þórir fékk eins leiks bann vegna fjögurra gulra spjalda en Ólafur þjálfari tveggja leikja bann.

Þá fékk FH-ingurinn Gunnleifur Gunnleifsson eins leiks bann eftir brottvísunina gegn Stjörnunni og Daníel Einarsson úr Haukum eins leiks bann vegna fjögurra gulra spjalda líkt og KR-ingurinn Skúli Jón Friðgeirsson.

Selfyssingurinn Arilíus Marteinsson og Atli Sveinn Þórarinsson og Baldur Aðalsteinsson úr Val fengu einnig eins leiks bann eftir að hafa fengið fjögur gul spjöld. - hþh

# Get bara vonað það besta

**Dóra Stefánssdóttir mun af öllum líkindum missa af öllu tímabilinu í sænsku úrvalsdeildinni vegna meiðsla. Hún hefur ekkert getað spilað í sumar þar sem hún er með brjóskskemmdir í hné. Óvíst er hvort hún verður áfram í Svíþjóð.**

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir mun væntanlega ekkert spila með Malmö í sænsku úrvalsdeildinni í sumar þar sem hún hefur verið að glíma við erfið meiðsli. Í byrjun maímánaðar fékk hún að vita að hún væri með brjóskskemmdir í hné og var fyrirskipað að hvíla það eins vel og mögulegt er.

„Það þýðir einfaldlega að ég má ekki hlaupa hvað þá æfa með bolta," segir Dóra í samtali við Fréttablaðið. „Það eru líka einhverjar taugaskemmdir í fætinum og hef ég verið í fullu í endurhæfingu vegna þessa."

Dóra segir að líklega sé um álagsmeiðsli að ræða. „Það var ekkert sérstakt sem gerðist hjá mér. Ég fór í tvær aðgerðir á síðasta ári, í september og desember, þar sem hluti af liðþófanum var tekinn. Það er á þeim stað sem liðþófinn veitir vanalega stuðning sem brjóskskemmdirnar eru. Það er í raun ekki vitað hvenær þetta kom til."

Hún mun næst fara í myndatöku hér á landi í ágúst og fær þá vonandi jákvæð svör. „Það eina sem ég get gert er bara að vona það besta og að ég fái jákvæð svör."

En þó svo að hún fengi grænt ljós á að byrja að æfa á nýjan leik er ólíklegt að hún myndi ná lokasprettinum á tímabilinu í Svíþjóð. „Þá verða fjórir mánuðir liðnir síðan ég hljóp síðast og þá á ég talsvert langt í land með að koma mér aftur í nægilega gott form."

Samningur hennar við Malmö rennur út í lok tímabilsins og alls óvíst hvað tekur við þá. „Ég hef fengið mikinn stuðning hjá öllum í félaginu og ég vil auðvitað vera áfram hér. Þetta er mjög sterkt lið og það hefur gengið mjög vel á tímabilinu. En eins og staðan er nú þýðir ekkert að ræða um mína framtíð. Ég vona auðvitað að liðinu gangi jafn vel á næsta sumri og að ég fái að taka þátt í því þá. En það er alveg ljóst að félagið er ekki að reka neina góðgerðastarfsemi og því algerlega óljóst hvað gerist."



**DÓRA STEFÁNSDÓTTIR** Hér í leik með íslenska landsliðinu á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Malmö er sem stendur langefst í sænsku úrvalsdeildinni en liðið er enn taplaust og hefur aðeins gert eitt jafntefli. Þóra B. Helgadóttir er aðalmarkvörður liðsins og hefur aðeins fengið á sig átta mörk í þrettán deildarleikjum í sumar.

„Það er auðvitað mjög erfitt að þurfa að missa af tímabilinu. Ég væri mikið til í að taka þátt þessu en það þýðir lítið að tala um það – svona er þetta bara stundum í fótbolta," segir Dóra.

Hún hefur einnig sem áður mikinn metnað fyrir því að spila með íslenska landsliðinu. „Að sjálfsögðu. Ég hefði gert allt til að ná leiknum gegn Frakklandi en mun þess í stað bara mæta á völlinn og öskra úr mér lungun í stúkunni."

Ísland mætir Frakklandi í hreinum úrslitaleik á Laugardalsvellinum þann 21. ágúst næstkomandi um hvort liðið komist áfram upp úr riðlinum og í umspil um sæti á HM 2011. eirikur@frettabladid.is



**HEITUR** Hlynur hefur staðið sig vel í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stigalisti Eimskips-mótaraðar:

# Hlynur Geir og Valdís í forystu

**GOLF** Hlynur Geir Hjartarson leiðir stigalista Eimskipsmótaraðarinnar í golfi eftir sigur á Canon-mótinu um síðustu helgi. Hann er með góða forystu en Kristján Þór Einarsson er honum næstur.

Í kvennaflokki hefur Valdís Þóra Jónsdóttir náð góðu forskoti, hún hefur unnið tvö mót og lent einu sinni í öðru sæti. - hþh

**Staðan:**

| Karlaflokkur: | Stig |
|---|---|
| 1. Hlynur Geir Hjartarson (GK) | 3129.38 |
| 2. Kristján Þór Einarsson (GKJ) | 2655.00 |
| 3. Sigmundur E. Másson (GKG) | 2431.88 |
| 4. Arnar Hákonarson (GR) | 2259.38 |
| 5. Axel Bóasson (GK) | 2182.50 |
| 6. Guðmundur Kristjáns. (GR) | 2081.25 |
| 7. Sigurþór Jónsson (GK) | 1800.00 |
| 8. Tryggvi Pétursson (GR) | 1790.62 |
| 9. Ólafur Björn Loftsson (NK) | 1779.38 |
| 10. Björgvin Sigurbergsson (GK) | 1500.00 |
| **Kvennaflokkur:** | |
| 1. Valdís Þóra Jónsdóttir (GL) | 4132.50 |
| 2. Ólafía Kristinsdóttir (GR) | 2685.00 |
| 3. Ingunn Gunnarsdóttir (GKG) | 2362.50 |
| 4. Tinna Jóhannsdóttir (GK) | 2362.50 |
| 5. Signý Arnórsdóttir (GK) | 2062.50 |




Paragvæ komst áfram í 8 liða úrslitin á HM eftir sigur á Japönum í gær:

# Skotvissir Paragvæjar skoruðu úr öllum vítaspyrnum sínum

**FÓTBOLTI** Paragvæ vann fyrstu vítaspyrnukeppni HM 2010 en Japan fór heim með sárt ennið. Leikmenn Paragvæs nýttu allar fimm spyrnur sínar en Japanar skutu í slána og þurftu svo ekki að taka síðustu spyrnu sína þar sem úrslitin voru ráðin.

Leikurinn var hrútleiðinlegur og aðeins sláarskot Japana var nálægt því að verða að marki. Eftir bragðdaufar 120 mínútur komst Paragvæ svo áfram.

„Við vorum óheppnir en við kennum engum um. Við vinnum sem heild og við töpum sem heild. Vítaspyrnukeppnir snúast yfirleitt um heppni og andstæðingar okkar höfðu heppnina með sér núna. Við erum vonsviknir að ná ekki lengra," sagði Keisuke Honda.

Gerardo Martino, þjálfari Paragvæja, fannst sitt lið betra heilt yfir. „Ég er fyrst og fremst ánægður með að komast áfram. Þetta var mikill baráttuleikur og liðin gáfu fá færi á sér. Það er eðlilegt þegar komið er svona langt á HM. Ég er mjög stoltur af strákunum," sagði þjálfarinn.

Þetta er í fyrsta sinn sem Paragvæ kemst alla leið í átta liða úrslit. Liðið hefur aðeins fengið á sig eitt mark í fjórum leikjum. Japanar höfðu sett markið á að komast í átta liða úrslitin og voru ekki langt frá takmarki sínu. - hþh



**FÖGNUÐUR OG SORG** Leikmenn Paragvæs spretta til að fagna sigrinum í gær en Japanar sitja eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

*HM 2010 - 16 liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| **Paragvæ - Japan** | **0-0 (5-3)** |
| Paragvæ komst áfram eftir vítaspyrnukeppni. | |
| **Spánn - Portúgal** | **1-0** |
| 1-0 David Villa (63.). | |

*8-liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| Úrúgvæ - Gana | 2. júlí |
| Holland - Brasilía | 2. júlí |
| Argentína - Þýskaland | 3. júlí |
| Paragvæ - Spánn | 3. júlí |



**REYKUR** Maradona púar vindil á æfingu Argentínumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Diego Maradona nýtur sín:

## Var hálfviti en er núna frábær

**FÓTBOLTI** Maradona er ánægður með að fá loksins það hrós sem að hans mati er verðskuldað. Fáir höfðu trú á Maradona á HM en hann hefur leitt Argentínu í 8 liða úrslitin og liðið hefur spilað vel.

„Ég er mjög stoltur núna. Margir sögðu að ég væri hálfviti eftir undankeppnina en núna eftir fjóra leiki á HM að ég sé frábær,“ sagði Maradona.

„Það er hrein fegurð að fá að vera með leikmönnunum og hópnum,“ bætti hann við. - hþh

Sóknarleikur Portúgala enginn og Ronaldo var týndur í tapinu gegn Spáni í gær:

# David Villa skaut Spáni áfram

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Spánverja bókuðu farseðilinn í 8-liða úrslit HM með 1-0 sigri á Portúgal í gær. David Villa sá um bókunina, hann skoraði sitt fjórða mark á HM sem reyndist nóg til sigurs.

Í gær voru liðin tvö ár upp á dag frá því að Spánverjar hömpuðu Evrópumeistaratitlinum. Gott gengi þeirra hélt áfram en það verður að segjast eins og er að mótherjinn olli vonbrigðum.

Þar fór fremstur í flokki Cristiano Ronaldo sem náði sér aldrei á strik á mótinu. Hann virkaði eins og algjör meðaljón og komst lítt áfram. Hann fékk reyndar enga aðstoð en sóknarleikur Portúgals var í molum.

Fyrir utan sjö marka burstið gegn liði Norður-Kóreu skoraði Portúgal ekki mark á HM.

Þrátt fyrir að skora aðeins eitt mark í leiknum í gær voru yfirburðir Spánverja miklir. Þeir sýndu skemmtilega takta með liprum sendingum og eftir eina slíka sókn skoraði Villa gott mark.

Eduardo markvörður Portúgals, varði glæsilega í aðdraganda marksins en Villa fylgdi á eftir og setti boltann í slána og inn.

Margir leikmenn Spánverja voru góðir en þeir eiga Fernando Torres enn alveg inni. Hann hefur engan veginn fundið sig en hann er enn að ná sér af meiðslum. Raunar var ekki talið líklegt að hann byrjaði leikinn í gær en það gerði hann án þess að ná sér á strik.



**KOSS** Villa fékk koss frá Sergio Ramos eftir markið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spánverjar hafa ekki komist lengra en í átta liða úrslitin síðan á HM 1950 þegar þeir lentu í fjórða sæti. Nú mæta þeir liði Paragvæja í 8-liða úrslitunum og eru til alls líklegir. - hþh



**SENDUR HEIM** Larrionda ásamt Lampard í leiknum fræga. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjórir dómarar sendir heim:

## Refsað fyrir mistök á HM

**FÓTBOLTI** Jorge Larrionda og Roberto Rosetti fá ekki að dæma fleiri leiki á HM eftir mistökin sem þeir gerðu á sunnudaginn. Larrioda sá ekki markið sem Frank Lampard skoraði en skot hans fór greinilega yfir línuna. „Hann var sá eini á vellinum sem sá þetta ekki, fyrir utan kannski aðstoðardómarann,“ sagði Lampard eftir markið.

Rosetti gaf Argentínu mark þegar Carlos Tevez kom þeim yfir en hann var rangstæður þegar hann skoraði. Reyndar er báðum dómurunum refsað fyrir mistök aðstoðardómara sinna.

Mistökin leiddu til þess að Sepp Blatter, forseti FIFA, sá sig knúinn til að biðja knattspyrnusambönd Englands og Mexíkó afsökunar.

Malímaðurinn Koman Coulibaly sem dæmdi af löglegt mark Bandaríkjanna gegn Slóvenum og Frakkinn Stephane Lannoy sem gaf Kaká glórulaust rautt spjald hafa einnig verið sendir heim. - hþh



## > Emily Deschanel

„Ég er klárlega félagsvera. Ég elska að eiga í samskiptum við fólk, vera innan um fólk og að eiga góðar samræður við aðra.“

***Emily Deschanel fer með hlutverk Dr. Temperance „Bones“ í samnefndum þáttum á Stöð 2 Extra í kvöld kl. 22.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON OG ÆSKUDRAUMARNIR

# *Miðpunktur heimsins í örfáar sekúndur*

Í gær áttust Paragvæ og Japan við í 16 liða úrslitum HM. Skemmst er frá því að segja að leikurinn fór í vítakeppni, sá fyrsti á mótinu til þessa. Við þetta tilefni reikaði hugurinn aftur til ársins 1994. Þann 17. júlí fylgdist ég agndofa með úrslitaleik HM í Bandaríkjunum. Eftir 120 markalausar mínútur var ljóst að HM myndi ráðast í vítakeppni. Við tóku magnaðar mínútur. Heimsbyggðin saup hveljur þegar goðsögnin Baresi klúðraði fyrstu spyrnu Ítala og aftur þegar Gianluca Pagliuca varði frá Márcio Santos. Næstu fjórar spyrnur fóru allar í netið þar til Ítalinn Massaro lét verja hjá sér. Dunga, fyrirliði Brasilíu, skoraði í kjölfarið þannig að Roberto Baggio, stjarna Ítala, stóð því frammi fyrir því að hann yrði að skora ella væri HM draumur Ítala úti. Hann skaut hátt yfir og beið þess aldrei bætur.

Frá þessum degi vissi ég hvað ég vildi gera framar öllu, tryggja þjóð minni sigur á HM með því að skora úr lokavítinu í vítakeppni. Í örstutta stund væri heimurinn þinn.



Spólum tólf ár fram í tímann. Ólympíuleikvangurinn í Berlín 9. júlí 2006. Ítalir aftur komnir í úrslitaleik HM, nú gegn Frökkum, en ég búinn að leggja allar hugmyndir um fótboltaframa á hilluna. Í annað skipti í sögunni ræður vítakeppni úrslitum á HM. Ítalir nýttu fyrstu fjórar spyrnur sínar en Frakkar þrjár af fjórum. Að vítapunktinum gengur Fabio Grosso, 28 ára vinstri bakvörður sem hafði spilað í fjórðu efstu deild Ítalíu til 23 ára aldurs. Enginn hafði heyrt um hann fyrir mótið. Grosso dregur djúpt andann, tekur langt tilhlaup, hæfir boltann með vinstri fæti, mark. Hann hefur tryggt Ítalíu sigur og upplifað æskudrauminn minn, einn manna.

Kannski ætti ég að fara að æfa mig. Fyrst Grosso sló ekki í gegn fyrr en 23 ára þá er það kannski ekki of seint fyrir mig. Verst bara að Ísland hefur aldrei komist á HM.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **21.30 Trúður** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35 Ghost Whisperer** STÖÐ 2



▶ **22.00 Herminator Invitational** STÖÐ 2 SPORT



▶ **22.35 Bones** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **00.00 Memoirs of a Geisha** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Íslenska golfmótaröðin** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (13:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (56:58)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Finnbogi og Felix** (24:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Ljóta Betty** (66:85) (Ugly Betty)
**20.20 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**21.10 Einir en saman** (Alene menn sammen) Norsk stuttmynd eftir Trond Fausa Aurvaag. (e)
▶**21.30 Trúður** (8:10) (Klovn III) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sumartónleikar í Schönbrunn** (Sommernachtkonzert Scönbrunn 2010) Upptaka frá tónleikum í Schönbrunn-hallargarðinum í Vínarborg 8. júní. Fílharmóníusveit Vínarborgar leikur verk eftir John Williams, Joseph Strauss, Franz Liszt, Claude Debussy, Joseph Lanner og Otto Nicolai.
**23.50 Fréttir** (e)
**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Unaccompanied Minors**
**10.00 Catch and Release**
**12.00 High School Musical 3: Senior Year**
**14.00 Unaccompanied Minors**
**16.00 Catch and Release**
**18.00 High School Musical 3: Senior Year**
**20.00 Mrs. Henderson Presents**
**22.00 Ghost Rider**
▶**00.00 Memoirs of a Geisha**
**02.20 Tristan + Isolde**
**04.25 Ghost Rider**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Maularinn, Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark: The New Adventure** (19:21)
**11.00 Auddi og Sveppi**
**11.45 Grey's Anatomy** (3:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (14:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (2:23)
**14.40 E.R.** (5:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Firehouse Tales, Maularinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (4:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (8:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (6:20)
**20.05 Gossip Girl** (14:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.50 Mercy** (10:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
▶**21.35 Ghost Whisperer** (20:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 True Blood** (2:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**23.15 NCIS** (25:25)
**00.00 Fringe** (19:23)
**00.45 The Wire** (4:10)
**01.45 X-Files** (5:24)
**02.30 Grey's Anatomy** (3:17)
**03.15 E.R.** (5:22)
**04.00 Sjáðu**
**04.30 Mercy** (10:22)
**05.15 How I Met Your Mother** (6:20)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**18.20 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**19.20 Augusta Masters Official Film** Masters-mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi og óhætt er að segja að þar séu hefðirnar í hávegum hafðar.
**20.15 Bremen – Anderlecht 1993** Þjóðverjar og Belgar hafa marga hildi háð á knattspyrnuvellinum. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisstæðari.
▶**22.00 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það er Hermann Hreiðarsson sem stendur fyrir mótinu.
**22.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.25 Travelers Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**
**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 Spánn - Portúgal** HM 2010
**11.10 Paragvæ - Japan** HM 2010
**13.05 Brasilía - Chile** HM 2010
**15.00 Holland - Slóvakía** HM 2010
**16.55 Argentína - Mexíkó** HM 2010
**18.50 Þýskaland - England** HM 2010
**20.45 Bandaríkin - Gana** HM 2010
**22.40 Úrúgvæ - S-Kórea** HM 2010
**00.35 4 4 2**
**01.20 4 4 2**
**02.05 4 4 2**
**02.50 4 4 2**
**03.35 4 4 2**
**04.20 4 4 2**
**05.05 4 4 2**
**05.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (3:6) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (3:6) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Bass Fishing** (4:8) (e)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Girlfriends** (9:22) (e)
**18.45 Million Dollar Listing** (4:6) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu.
**19.30 Sumarhvellurinn** (3:9) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst. Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar og er ferðinni haldið til Akureyrar í þetta skiptið.
**19.55 King of Queens** (19:22)
**20.20 Top Chef** (5:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.05 America's Next Top Model** (10:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**21.55 Life** (11:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Law & Order** (9:22) (e) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**00.20 The Cleaner** (2:13) (e)
**01.05 King of Queens** (19:22) (e)
**01.26 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**18.30 Hrafnaþing**
**19.00 Græðlingur**
**19.30 Mannamál**
**20.00 Björn Bjarna**
**20.30 Mótoring**
**21.00 Alkemistinn**
**22.00 Björn Bjarna**
**22.30 Mótoring**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.20



**True Blood**

Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn óbeit íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Gossip Girl
**Stöð 2 kl. 20.05**

Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Gamli maðurinn og sárið
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.07** Harðgrýti fátæktar: Einstæðir foreldrar og barnafjölsk.
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**

**20.10 Falcon Crest II** (3:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Modern Family** (22:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**22.10 Cougar Town** (3:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

▶**22.35 Bones** (20:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.

**23.20 Curb Your Enthusiasm** (9:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George

**00.00 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.25 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey

**01.10 Falcon Crest II** (3:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Only Fools and Horses **12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** My Family **14.05** My Family **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Lark Rise to Candleford **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** Doctor Who **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.00** Lark Rise to Candleford **22.50** Hotel Babylon **23.40** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.00** Chris på chokoladefabrikken **12.30** Rig ved et tilfælde **13.00** Sommertid **13.30** Drommehaver **14.00** That's So Raven **14.25** Svampebob Firkant **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Landet for længe siden **15.30** Dragen **16.00** Sommerminder **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Manden, der besteg skyskrabere **20.30** Mord på hjernen **22.05** Onsdags Lotto **22.10** OBS **22.15** Redningstjenesten på vej **22.45** Naruto Uncut **23.05** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Munter mat **18.00** Luftambulansen **18.30** Ekstremsportveko **18.50** Vikinglotto **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** House **21.05** Kveldsnytt **21.20** Corleone **22.55** Vikingskip til siste havn? **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** Semestersabotören **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Kampen om Sydafrika **20.45** Syndens lag **21.40** Stand-up med John Oliver **22.25** Vinnarna **22.55** Landet runt **23.40** Spår av brott


# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **95%** lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Tvímælalaust lasagnað hennar mömmu. Það er ekkert betra en að skreppa í mat til mömmu og fá besta lasagna í heimi.“*

David Young, grafískur hönnuður hjá Nikita

# Skorar á þjófa að skila barnamyndum

„Ég er búin að halda í vonina að löggan finni eitthvað, en það hefur ekki gerst,“ segir leikkonan Hrefna Hallgrímsdóttir, Skrítla úr Skoppu og Skrítlu.

Brotist var inn í fjölskyldubílinn við heimili Hrefnu í Kópavogi á mánudaginn í síðustu viku. Á meðal þess sem var stolið var myndavél sem geymir myndir af síðasta hálfa ári í lífi fjölskyldunnar.

„Við vorum að koma úr ferðalagi kvöldið áður og héldum að við hefðum tekið allt úr bílnum. Myndavélin var í hólfi á milli sætanna. Ótrúlega leiðinlegt,“ segir Hrefna. „Ég er dugleg við að setja myndir inn í tölvuna mína, en svo er hún full af vinnu – ég hef ekki getað tæmt myndavélina.“

Hrefna segir að hún myndi skipta á öllum aukahlutunum sem fylgja myndavélinni fyrir minniskortið sem geymir myndirnar – jafnvel borga fyrir það. Hún hvetur þjófana til að koma kortinu til sín. „Þeir mega stinga kortinu inn um lúguna hjá mér,“ segir hún. „Ég væri ofboðslega þakklát og glöð. Ég skora á þá, ef þeir hafa smá samúð í hjartanu sínu. Þetta eru börnin okkar og lífið síðasta hálfa árið.“

Þjófarnir brutust inn í fleiri bíla í götunni sem Hrefna og fjölskylda býr í. Þeir voru engin snyrtimenni þar sem þeir slettu skyri á mælaborðið í bíl fjölskyldunnar. „Skyrið gerði útslagið,“ segir hún. „Það er allt inni í miðstöðinni og það þarf að taka allan frontinn af bílnum til að hreinsa það.“

- afb



**GLATAÐAR MINNINGAR** Hrefna skorar á þjófana að skila kortinu úr myndavélinni sem þeir stálu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** að lokum, **6.** ógrynni, **8.** hlaup, **9.** ögn, **11.** slá, **12.** skrá, **14.** gimsteinn, **16.** hvað, **17.** í viðbót, **18.** úði, **20.** leita að, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** líka, **4.** baðkar, **5.** berja, **7.** fitlari, **10.** sæ, **13.** stæla, **15.** himna, **16.** samkynhneigður, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loks, **6.** of, **8.** gel, **9.** fis, **11.** rá, **12.** skjal, **14.** tópas, **16.** ha, **17.** auk, **18.** ýra, **20.** gá, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** og, **4.** kerlaug, **5.** slá, **7.** fiktari, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skán, **16.** hýr, **19.** af.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

ÓLÖF JARA SKAGFJÖRÐ: GUNNI HELGA Á EFTIR AÐ TUSKA INGÓ TIL

# Ólöf Jara leikur eiginkonu Buddy Holly í Austurbæ

„Þetta leggst mjög vel í mig. Ég er mjög spennt fyrir sýningunni,“ segir Ólöf Jara Skagfjörð.

Ólöf Jara leikur Maríu Elenu, eiginkonu Buddy Holly í söngleik um söngvarann sem verður frumsýndur í endurbættum Austurbæ í október. Þar leikur Ólöf á móti hjartaknúsaranum Ingó veðurguði sem fer með hlutverk söngvarans.

„Ég er mjög spennt fyrir að vinna með Ingó. Ég held að hann sé bara góður gaur og hlakka til að kynnast honum,“ segir Ólöf. „Ég held að það verði mjög gaman. En ég á kærasta þannig ég get ekki sagt að ég sé spennt á sömu forsendum og margar aðrar myndu vera.“

Sagan um Buddy Holly er einstaklega sorgleg því söngvarinn lést í hörmulegu flugslysi á toppi ferilsins einungis 23 ára gamall. Þrátt fyrir að hafa aðeins verið í sviðsljósinu í eitt og hálft ár skildi hann eftir sig fjöldann allan af gullmolum sem lifa enn þann dag í dag.

„Ég held að þetta verði mjög góð sýning. Það er góð tónlist í sögunni og lög frá þessu tímabili eru með góðum laglínum. Ég er mjög hrifin af tónlist í þessum stíl,“ segir Ólöf Jara.

Ólöf á ekki langt að sækja hæfileikana, en hún er dóttir Guðrúnar Gunnarsdóttur og Valgeirs Skagfjörð. Hún lék annað aðalhlutverkið í uppfærslu Verzló á söngleiknum Kræ-beibí sem er frá svipuðu tímabili. Þá lék hún Sandy í uppfærslu á Grease í Loftkastalanum í fyrra.

Ingó hefur ekki eins mikla reynslu, en hefur þó sést í auglýsingum og sjónvarpsþáttum. Ólöf hefur engar áhyggjur af því að hann muni ekki standa sig. „Ég held að Gunni Helga [leikstjóri] sé fullfær um að aðstoða Ingó,“ segir hún. „Hann á eftir að tuska hann alveg til. En ef Ingó vill spyrja mig að einhverju aðstoða ég hann alveg. Þetta snýst bara um samvinnu í þeim atriðum sem við erum saman í.“

linda@frettabladid.is



**SPENNT FYRIR HLUTVERKINU** Ólöf Jara leikur Maríu Elenu, eiginkonu Buddy Holly, í sýningu um söngvarann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ÁST VIÐ FYRSTU SÝN HJÁ BUDDY OG MARÍU

- Buddy Holly hitti Mariu Elenu Santiago í júní 1958 þegar hann var 21 árs og hún 22.
- Hann bað hennar á fyrsta stefnumótinu og gengu þau í hjónaband innan við tveim mánuðum síðar.
- Maria Elena ferðaðist með Buddy á tónleika og sá um sinn mann.
- Buddy samdi lagið True Love Ways um samband sitt og Mariu Elenu.
- Maria Elena kenndi alla tíð sjálfri sér um dauða söngvarans. Þessi örlagaríka ferð var eina ferðin sem hún var ekki með í för og sagði hún að Buddy hefði aldrei farið með flugvélinni ef hún hefði verið með.
- Maria Elena var ólétt af fyrsta barni þeirra hjóna þegar söngvarinn lést. Hún missti fóstrið stuttu síðar.
- Hún treysti sér ekki til vera við jarðarför Buddys og hefur aldrei heimsótt gröf hans.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Herraklúbburinn Fancy fór austur fyrir fjall um síðustu helgi. Á meðal meðlima klúbbsins eru rappararnir Erpur Eyvindarson og Ágúst Bent, grínistinn **Steindi jr.**, ljóðskáldið Siggi Gúst ásamt fjölmennum hópi sem inniheldur meðal annars kokka, lögfræðinga, verkamenn og handboltakappa …



Hópurinn skoðaði bruggverksmiðjuna í Ölvisholti þar sem enginn annar en **Guðni Ágústsson** beið þeirra. Guðni hélt að sjálfsögðu ræðu við góðar viðtökur hópsins sem færði honum sérstakan Fancy-pakka að gjöf. Í pakkanum voru meðal annars smokkar, sleipiefni, áfengi, pakkanúðlur og munnskol, en pakkinn ku vera nauðsynlegur í ferðir hópsins. Guðni var ánægður með gjöfina og sótti þegar í stað um inngöngu í herraklúbbinn …

Nýir meðlimir voru teknir inn í hópinn í ferðinni og annar nýgræðinganna var útvarpsmaðurinn **Frosti Logason** af X-inu. Eftir sérstaka verðlaunaafhendingu og grillveislu hélt Fancy uppi stuðinu á 800 bar á Selfossi, en innfæddir kunnu vel að meta hópinn sem var afar prúðbúinn í tilefni dagsins. Vakti klæðnaður **Bents** sérstaka athygli, enda ekki á hverjum degi sem menn í hvítum smóking láta sjá sig á galeiðunni á Selfossi.- afb



# Níu manna fjölskylda freistar gæfunnar

„Ég rakst á þessa síðu á netinu og ákvað að að skrifa stutt um mína stóru fjölskyldu, enda höfum við aldrei getað farið í frí öll saman,“ segir Guðrún Lilja Hólmfríðardóttir húsmóðir sem skráði sína 9 manna fjölskyldu í lukkuleik Radison Sas hótelkeðjunnar.

Leikurinn gengur út á að skrifa stutta sögu um sjálfan sig og af hverju maður á skilið að vinna fríar 365 nætur á Radison Blu hótelum um allan heim. Almenningur fer svo inn á síðuna og kýs þann keppenda sem honum líst á. Guðrún og fjölskylda hennar er þegar þetta er skrifað í 14 sæti af rúmlega 6.300 keppendum. Kosningin stendur til 24 júlí.

„Ég átti alls ekki von á því að okkur mundi ganga svona vel, svo núna hleypur smá keppnisskap í mann. Ég er búin að vera með kosningaherferð á Facebook og er duglег að hvetja alla sem við þekkjum til að kjósa,“ segir Guðrún Lilja sem býr á Akranesi ásamt manni sínum Hákoni Valssyni sjómanni. Þau hafa aldrei farið til útlanda með öll sjö börnin enda segir Guðrún að það sé fjárhagslega ómögulegt. Börnin eru allt frá 20 ára niður í fjögurra ára og hluti barnanna hefur aldrei farið til útlanda. „Tanja Sif 12 ára dóttir okkar er einhverf og því frekar erfitt að ferðast með hana. Hún er hins vegar með borgina París og Eiffelturnin á heilanum og spyr næstum daglega hvenær við ætlum að fara þangað. Ef við mundum hreppa hnossið mundi það vera fyrsti áfangastaðurinn af mörgum,“ segir Guðrún Lilja.

- áp

**365** hótelnætur eru í fyrstu verðlaun í keppni Radisson-hótelkeðjunnar.



**STÓR FJÖLSKYLDA** Það er enginn hægðarleikur að ferðast til útlanda með alla fjölskylduna. Vefsíða keppninnar er á slóðinni www.greatestholiday.radissonblu.com.

# Söluráðgjafi í upplýsingatækni

Skýrr óskar eftir öflugri manneskju í söluráðgjöf til viðskiptavina fyrirtækisins. Viðkomandi mun starfa í frjóum og skemmtilegum hópi sölu- og markaðsfólks. Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi.

Skýrr sækist eftir að ráða orkumikla og jákvæða einstaklinga, sem hafa til að bera mikla hæfni í samskiptum, ríka þjónustulund og fagleg vinnubrögð.

Skýrr leitar að fólki sem vill axla ábyrgð og takast á við krefjandi verkefni í öflugum hópi, þar sem frumkvæði og samstaða eru í fyrirrúmi.

Skýrr er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni og leiðandi aðili hvað snertir samþætta rekstrarþjónustu fyrir atvinnulífið. Skýrr er samstarfsaðili erlendra risa í upplýsingatækni á borð við Microsoft, Oracle, SAP BusinessObjects, Targit, VeriSign og WebMethods.

## *Starfslýsing*

- Sala á vörum og þjónustu til núverandi og nýrra viðskiptavina
- Kynningar og heimsóknir til viðskiptavina
- Gerð sölu- og markaðsáætlana í samstarfi við aðra söluráðgjafa
- Mat og skipulagning sóknartækifæra

## *Hæfniskröfur*

- Háskólamenntun, helst á sviði viðskipta- eða tölvunarfræði
- Víðtækt tengslanet í atvinnulífinu
- Reynsla og góður árangur af sölustörfum
- Reynsla af sölu á þjónustu í upplýsingatækni
- Reynsla af gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í síma 569 5100 eða io@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til 18. júlí. Vinsamlega fyllið út umsókn á vefsvæði Skýrr og sendið jafnframt inn ferilskrá. Fullum trúnaði heitið og öllum umsóknum svarað.




### *Ennisblað*

Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

### *Hvirfilblað*

Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

### *Hnakkablað*

Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

### *Gagnaugablað*

Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðri viðskiptagreind, vera kjaftafær um fótbolta, bjórbruggun og hönnun.

## *Skýrr í hnotskurn*

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 330 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000.

Skýrr býður atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi.

Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.




569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Damien mættur

Írski söngvarinn Damien Rice er einn af þeim sem koma fram á tónleikunum Iceland Inspires á fimmtudagskvöld. Söngvarinn er Íslendingum vel kunnugur, enda hefur hann vanið komur sínar til Íslands reglulega undanfarin ár og sýnt náttúru landsins mikinn áhuga. Meðal annars kom hann fram á tónleikunum Náttúrulaus í Laugardalshöllinni árið 2006. Hann virðist hafa viljað eyða góðum tíma hér á landi í þetta skiptið þar sem hann mætti til Reykjavíkur síðastliðinn föstudag, tæpri viku fyrir tónleikana.



### Poppari í keppni rauðhærðra?

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu var popparinn **Davíð Berndsen** staddur í Los Angeles þar sem hann sótti kvikmyndahátíð. Davíð og félagar hans skemmtu sér konunglega í félagsskap Hollywood-stjarnanna en næst liggur leið þeirra til Akraness þar sem þeir munu leika á Írskum dögum. Hin vinsæla keppni um rauðhærðasta Íslendinginn fer fram á laugardeginum og velta menn því nú fyrir sér hvort hinn rauðhærði poppari verði á meðal keppenda í ár. Glæsilegir vinningar eru í boði, þar á meðal ferð til Írlands, og því ekki til lítils að vinna.



**- þeb, sm**

## Mest lesið vísir.is

1. Fallið frá kyrrsetningu eigna
2. Pétur Blöndal: Skuldarar horfa í naflann á sér
3. „Mér er fullkomlega misboðið"
4. Foreldrar töldu rétt að rýma Götusmiðjuna
5. 2010 Ögmundur: Sérlega ógeðfellt
6. Talið að erlend glæpasamtök hafi sent konurnar





